



Áfangaskýrsla um stöðu rannsóknarinnar: Trúarlíf í leikskólum

Rannsóknarsjóður leikskóla Reykjavíkur

Kristín Dýrfjörð
Lektor við Háskólann á Akureyri
Nóvember 2006

Efnisyfirlit:

Áfangaskýrsla um stöðu rannsóknarinnar:	1
Trúarlíf í leikskólum.....	1
1. Inngangur	3
2. Bakgrunnur verkefnisins	4
3. Kristilegt siðgæði	6
3.1 Annarskonar siðgæði.....	7
4. Trúaruppeldi	9
5. Opinber ákvæði um trúmál.....	12
6. Aðalnámskrá leikskóla	14
7. Leikskólinn og Þjóðkirkjan	16
8. Könnun um tengsl leikskóla og Þjóðkirkju	19
8.1 Niðurstöður könnunar	20
8.2 Samantekt	25
9. Leikskólakennarar og trúmála	28
9.1 Rannsóknarspurningar	28
9.2 Rannsóknarsnið	28
9.3 Þátttakendur	29
9.4 Gagnaöflun og úrvinnsla	29
9.4.1 Eigin trú.....	30
9.4.2 Siðgæði.....	31
9.4.3 Virðing	32
9.4.4 Trúaruppeldi	34
9.5 Umræða	35
10. Skipulagt samstarf við Þjóðkirkjuna - tilvik	38
Trúd þjóð	38
Hræðsla.....	38
Hvað á að leggja áherslu á.....	38
Hvað gert í helgistund - guðfræðingurinn	39
Að hætta við eða útiloka eitthvað	39
Foreldrar	39
Heimildir	41

1. Inngangur

Í skýrslunni er fjallað um rannsóknina *Trúarlíf í leikskólum*. Greint er frá þeirri vinni sem þegar hefur átt sér stað og fjallað um næstu skref. Eitt meginmarkmið rannsóknarinnar er að skoða sérstaklega stöðu og áhrif kristninnar á leikskólann og samband hinnar íslensku Þjóðkirkju og leikskólans.

Rannsókninni er langt frá því lokið, hún hefur tafist meðal annars vegna þess að haustið 2004 hóf ég doktorsnám við University of London, Institute of Education. Hef ég í gegn um nám mitt einbeitt mér að ákveðnum þáttum tengdum rannsókninni en orðið að láta aðra bíða. Framundan er þó að ljúka rannsókninni og er stefnt að því að lokaskýrsla verði tilbúin næsta haust. Ég hef reyndar ákveðið að breyta aðeins um fókus í seinni hluta rannsóknarinnar og stefni á að því að fá að taka upp samverustundir presta/guðfræðinga með börnum í leikskólum. Ætlunin er að klippa það efni í 10 – 15 mínútna myndband sem síðan yrði umræðugrunnur í hópviðtölum við foreldra, presta og starfsfólk leikskóla. Jafnvel væri áhugavert að sýna slíkt myndband öðrum fræðimönnum og biðja þá um að lesa í það með mér.

Skýrslan er kaflaskipt, fjórir rannsóknarhlutar eru felldir saman í eina skýrslu. Í fyrsta hlutanum sem nær til kafla þrjú til sjö er gerð grein fyrir hvað felist í kristilegu siðgæði og trúaruppeldi, fjallað er um opinberar ákvæði um trúmál, leitast er við að gera grein fyrir hvernig samstarf við leikskólann birtist í opinberum skjölum Þjóðkirkjunnar. Í áttunda kafla geri ég grein fyrir spurningakönnun sem send var til leikskólastjóra. Í níunda kafla geri ég grein fyrir viðtalsrannsókn á meðal leikskólakennara og í tíunda kafla er lýsing á samstarfi eins leikskóla við Þjóðkirkjuna. Á þessu stigi vel ég að hafa ekki samantektar- og umræðukafla, bíður það lokaskýrslu.

Ég hef þegar kynnt rannsóknina nokkuð víða, á erlendum ráðstefnum CICE í Lublijana 2005 og í Riga 2006, í tengslum við þær ráðstefnur hafa verið gefnir út bókarkaflar. Ég hef jafnframt flutt erindi um rannsóknina á EECERA ráðstefnunni í Reykjavík í ágúst 2006 og á málþingi KHÍ í október 2005.

2. Bakgrunnur verkefnisins

Telja má umræðu um stöðu trúar, trúarfræðslu og hlutverks kirkjunnar í leikskólanum vera löngu tímabæra. Eftir því sem margbreytileikinn eykst í samfélaginu má telja víst að málefni eins og trúarbrögð og trúaruppeldi verði viðkvæmari og umdeildari viðfangsefni, en einmitt þess vegna er jafnframt aðkallandi að ræða og fjalla um þau.

Ég hóf störf í leikskóla 1978 og veit ekki til þess að á þeim tíma hafi prestar heimsótt eða verið með stundir í leikskólastarfinu. Þótt að á þeim tíma hafi sú hefð þegar verið komin á í fjölda leikskóla að börnin heimsæktu kirkjur á aðventunni. Á meðal leikskólakennara virtist sú skoðun almenn að þessar heimsóknir heyrðu til þess hlutverks leikskólans að viðhalda menningararfinum og kynnast umhverfi leikskólans, var kirkjan sett þar á sama stall og t.d bókasafnið, lögreglustöðin og alþingi sem dæmi.

Það hlutverk leikskólans að halda utan um og tryggja ákveðna samfellu í menningarlegri vitund barna hefur verið nokkuð sterk, ekki bara hérlendis heldur víða í hinum vestræna heimi og á sér að hluta til rætur í sögu leikskólans. Í samræmi við þessi menningarlegu sjónarmið var fyrst og fremst litið á kirkjuna sem menningarstofnun sem bæri að kynna börnum sem slíka. Sjálf hef ég sem leikskólakennari farið með börn í kirkjur í þeim tilgangi, að fræða þau um þá starfsemi sem þar fer fram og til að leggja drög að ákveðinni virðingu gagnvart trúarlegum gildum. Eftir því sem ég best veit var slíkt samband leikskóla og kirkju ekki óalgegnt og í allflestum tilfellum eina formlega sambandið sem flestir leikskólar áttu við kirkjuna. Fyrir um hálfum öðrum áratug fór þetta að breytast og heyrast af meira og formlegra samstarfi milli leikskóla og safnaðarkirkja. Í bréfskriftum sem ég hef átt við sóknarprest segir hann að breytinguna megi rekja til þess að útsendingar á barnaefni hófust í sjónvarpi um helgar og þá hafi sunnudagaskólinn tæmst. Þetta leiddi til þess að prestar fóru að huga að hvernig hægt væri að ná til barna.

Almennt er talið að trú og trúarbrögð séu órjúfanlegur hluti uppeldis, menningar og bakgrunns hvers einstaklings. Trúarbrögð eru gjarnan hluti af sjálfsmynd einstaklinga, hópa og heilu þjóðanna. Saga Íslendinga hefur verið tengd kristni og kristinni menningarsögu sterkum böndum. Margt það sem við sem þjóð erum alin upp við í daglegu lífi á sér rætur í kristni. Má þar nefna jafn óskylda hluti – eins og að banka þrisvar á dyr og það að heilsa eða kveðja fólk með ávarpinu vertu blessaður. Við ýmis tækifæri í lífi flestra Íslendinga og í lífi þjóðarinnar hefur kirkjan haft hlutverk. Við atburði eins og innsetningu forseta, þingsetningar,

náttúruhamfarir, barnaskím, fermingar, giftingar og jarðarfarir hefur kirkjan hlutverk. Allflestir almennir frídagar fylgja ekki bara dagatali heldur líka reglum kirkjunnar. Þó svo að flestir Íslendingar láti sér nægja að sækja kirkjur á hátíðum, hvort heldur þær eru kirkjulegar eða persónulegar, er því vart neitað að kirkjulegar hefðir móta líf flestra á einn eða annan hátt. Saga kirkjunnar er samofin sögu þjóðarinnar þar með talið skólasögunni. Má segja að hefðarstaða kirkjunnar sé hér allsterk.

Hluti af vanda skólakerfisins er það sem hefur verið nefnt *menntavæðing*, en hún byggir á því að skólum, hvort sem er heldur leik- eða grunnskólum er í síauknu mæli ætlað það sem áður var talið hlutverk heimilanna í að tryggja ákveðna samfellu í uppeldi og mótun viðhorfa hjá börnum. Tryggja að ákveðin grundvallaratriði í uppeldi svo sem almenna mannasiði, aga og/eða kristilegt uppeldi. Í viðtali sem ég átti við leikskólakennara taldi hann það vera rök fyrir heimsókn prests í leikskólann að það væri enginn lengur til að kenna börnum bænir á heimilunum. Hann væri að rekast á börn sem vissu ekki hvað bæn væri. Það væri því í anda þess að jafna uppeldisskilyrði að fá prest í leikskólann. Leikskólakennarinn taldi sig ekki hafa þá þekkingu og/eða trúarvissu sem hann taldi nauðsynlega til að sinna þessum þætti sjálfur. En þó svo að ákveðin menntavæðing sé e.t.v. staðreynd má velta því fyrir sér hvort hún sé æskileg og hvort hún sé í þágu barna, foreldra eða framtíðarheill samfélagsins.

Með vísan til þess að við lifum í samfélagi sem er sífelld að verða fjölmenningarlegra, ekki síst með tilliti til trúarbragða og viðhorfa til þeirra, er mikilvægt að kortleggja og kanna afstöðu fagfólks sem starfar með fólk á einu helsta mótunarskeiði í lífi hvernar manneskju, til trúarbragðafræðslu/kennslu og samskipta við kirkjuna. Jafnframt er ljóst að leggja þarf grunn að opinni umræðu um kristilegt siðgæði, trúfræðslu og leikskólann, má telja rannsókn sem þessa geta verið grunn að því. Innan kirkjunnar virðist slík umræða vera farin af stað, og má telja mikilvægt að sambærileg umræða fari fram innan leikskóla. Rannsókn sem þessi gæti verið umræðugrundvöllur um hvar leikskólinn staðsetur sig og hvert hann vill stefna. Fyrir leikskólann hlýtur að vera mikilvægt að taka þátt í umræðunni en láta ekki öðrum það alfarið eftir.

3. Kristilegt siðgæði

Í skýrslunni nota ég aðallega hugtakið kristilegt siðgæði – en einstaka sinnum, siðferði og kristilegt siðferði. Í mínum huga er ekki grundvallarmunur á hugtökunum kristilegt siðgæði og kristilegt siðferði og nota ég þau bæði. Það sama gildir um bæði að hægt er að túlka þau vítt en alltaf í trúarlegu ljósi. Kemur það sjónarmið skýrt fram í bók Sigurður Pálssonar, *Mannskilningur og markmið uppeldis* (1983) en þar segir að það sem sé sérstætt fyrir hin kristnu uppeldisviðhorf sé sá þáttur sem lýtur að því að leiða barnið til fundar við guð, skaparann og Jesú Krist, frelsarann. Segir hann barnið ekki alið upp til trúar, heldur í trú. Sigurður heldur áfram og segir markmiðið vera að „leiða barnið inn í nýtt samhengi þar sem það gengur til fundar við það sem lífið hefur upp á bjóða í ljósi trúar” (bls. 45). Bexell og Grenholm,¹ (1997/2001) gera tilraun til að skilgreina þau áhrif sem trúin setur siðferðinu. Ég tel skilgreiningu þeirra getað hjálpað lesandanum að skilja hvað liggur í hinu kristilega siðferði. Þeir skipta þessum áhrifum í fjóra flokka.

- Trúin hefur áhrif á allt sem varðar siðferði og mótar umhverfi þess. Trúin veitir einstaklingi og hópum sannfæringu um t.d. manninn, raunveruleikann, inntak reynslunnar, tilgang og markmið lífsins, hvaða atriði skipta máli. Það sem hér lærist mótar forsendur siðferðisvitundarinnar. Trúarleg hefð og samfélag skapar líka félagslegt umhverfi þar sem siðferði birtist í verki, í því umhverfi alast börn upp og þar heldur félagsleg tilsjón upp vissu siðferði. ...
- Í öðru lagi heimtar trúin þekkingu og fræðir einnig um sérstök siðferðisleg mál, svo sem um siðareglur og viðmiðanir. ...
- í þriðja lagi er trúin hvatning sem blæs mönnum í brjóst að velja á milli athafna siðferðislega eða taka afstöðu á annan hátt. ...
- Trúin stuðlar að því í fjórða lagi að breyta mannum, vilja, hugarfari og hegðun hans og hópsins. (1997/2001, bls. 59-60)

Virðast þeir Bexell og Grenholm nokkuð samhljóma Sigurði. Þeir benda jafnframt á að trúin setji siðferðið í félagslegt og sögulegt samhengi, hún gefi bein siðferðisleg fyrirmæli, hvetji til afstöðu og móti þann sem hugleiðir siðfræðina frá hinni kristilegu hlið. Af þessu leyfi ég mér að draga þá ályktun að þar sem unnið er markvisst að kristilegu siðgæði og kristilegu uppeldi séu ofangreindar skilgreiningar á einhvern hátt stýrandi. Í sjálfu sér má jafnvel telja að viðmiðin eigi við um önnur trúarbrögð, viðkomandi trúarbrögð séu á sinn hátt leiðarljós sem fólk fylgir.

¹ Bexell og Grenholm nota reyndar stundum jöfnum höndum hugtökin kristinn siðfræði og kristilegt siðferði.

3.1 Annarskonar siðgæði

Í bók Dahlberg og Moss *Ethics and politics in early childhood education* frá 2005 fjalla þau um hvort og þá hvernig siðfræði geti verið hluti af grundvallarheimspeki leikskólans. Þau greina á milli mismunandi tegunda siðfræði og komast að þeirri niðurstöðu að ákveðin tegund siðfræði skipti meira máli fyrir leikskólann og sé meira virði fyrir leikskólastarfið en önnur. Að þeirra mati á sú algilda siðfræði, sem hefur verið ríkjandi innan leikskólafræðanna og birst í því að til séu réttar og rangar aðferðir, ekki lengur rétt á sér. Þau telja að áherslan á rétt og rangt hafi leitt af sér ákveðna tæknivæðingu leikskólastarfsins í stað þess að þar sé höfð til grundvallar starfinu siðfræði sem byggist á ákveðinni manngildishugsjón. Tæknivæðingin hefur leitt af sér að fólk er upptekið af forminu og að það festist í réttum og röngum aðferðum. Aðferðum sem byggja á því meðal annars að „normalisera“ starfshætti og sem byggja margar hverjar á skyndilausnum. Þar sem dregin er upp ákveðin mynd af barninu og hlutverki þess í leikskólanum og önnur af hlutverki hins fullorðna. Flest fólk þekkir setningar sem byrja á: *Þú skalt* eða *þú skalt ekki*. Þeim er líka hægt að beita í leikskólastarfinu. Undir þær falla ákveðnar hugmyndir um hvað hæfi aldri og þroska og hvað ekki. Hvað sé „sannleikur“. Sem dæmi um hvernig þetta viðhorf hefur verið að ryðja sér braut inn í leikskólastarfið má benda á könnun menntamálaráðuneytisins frá 2006, þar sem fram kemur að leikskólastjórar vilja fá opinber markmið í starfið sem byggja á aldri barnanna. Í leikskólanum má líka sjá þessar hugmyndir birtast í ýmiskonar mælikvörðum um uppeldi og uppskriftum að því hvernig börn eigi að vera og gera. Fjölmarginir efast um þessi fræði og telja að hugmyndir um hvað sé viðeigandi fyrir aldur byggji á takmarkaðri sýn á barnið og hæfni þess og getu. En að þær byggji líka á þeirri vissu að það sem sé gott fyrir börn á Íslandi sé líka gott fyrir börn í Bandaríkjunum eða Nígíeríu. Þetta getur vel verið rétt en hlýtur þó að byggjast á þeim siðferðismælikvörðum sem lagt er upp með. Vert er að benda á að tæknivæðing og „normlisering“ á ekki bara við um það sem kalla má hugmyndir um dæmigert leikskólastarf. Einnig er hægt að yfirfæra hana á kenningar t.d. Fowler sem byggir á stigskiptingu trúarþroska og þeirri hugmynd að ákveðnir hlutir verði að eiga sér á stað á undan öðrum. Slíkar kenningar byggja á því að til sé algildur sannleikur og að honum verði að fylgja til að ná árangri. Þær eiga rætur í vestrænum rannsóknum og hugmyndafræði sem falli ekki alltaf að því sem aðrir hlutar heimsins leggja áherslu á. Sem dæmi er nefnd áherslan sem flestar þessar kenningar leggja á einstaklinginn og einstaklingshyggju á meðan önnur samfélög leggja áherslu á að barnið læri fremur að hugsa um velferð samfélagsins og heildarinnar. (sjá Woodhead 2006).

Aðrir benda á og halda fram, að með því að afneita algildum mælikvörðum sé verið að segja að allt geti gengið eða að ekkert gangi. Að með því sé verið að skilja fólk eftir í siðferðislegu og uppeldisfræðilegu tómarúmi. Því er ég ekki sammála og tel að hver og einn verði að gera upp við sig hvar hans siðferðisskilningur og mannúðartilfinning liggur. Ég hef til dæmis valið að vera sammála þeim Dahlberg og Moss sem tala fyrir *siðfræði gestrisinnar* byggðri á heimspeki Levinas (Dahlberg og Moss 2005 bls. 82). Levinas heldur því fram að engin manneskja geti dregið úr ábyrgð sinni gagnvart *hinum* (*other*) sem hann stendur andspænis. Hann skrifaði: „Ábyrgð mín á þeim er föst við mig langt utan við það sem ég ræð. Ég skal gæta bróður míns”. (Í Endgoose 1997). Í þessum skilningin er *hinn* ekki gestur frá annarri menningu. *Hinn* getur og er þú sjálfur, sá sem stendur þér við hlið, systir þín eða bróðir. Í aðstæðum þar sem þú ert faglega ábyrgur gagnvart *hinum* skiptir meginmáli að finna og vita að þú ert ábyrgur. Til að geta verið kennari sem byggir á siðferðismælikvörðum getur þú ekki afneitað ábyrgð á *hinum*. Í skrifum Todd (2001) leitast hún við að gera grein fyrir því hvernig menntakerfi samtímans geti nýtt hugmyndir Levinas um siðfræði. Hún segir: Í stað þess að gera ráð fyrir að í gegn um menntun sé hægt að kenna siðferði, þá legg ég til að við reynum að lít á menntun sem aðstæður þar sem siðferðislegt uppeldi á sér stað fremur en að það sé staður þar sem reynt sé að skilja siðferði (bls. 71). Hér er alls ekki um að ræða siðferðislegt tómarúm, þar sem allt gildir og hver er sjálfum sér næstur – heldur er verið að tala fyrir sterkum siðferðilegum grundvelli. Aðrir, eins og Campell (2003), hafa ritað um hvernig hægt er að vera kennari sem hefur siðferði að leiðarljósi. Hún segir:

Siðferðilegir kennarar eru allir kennarar sem skilja siðferðislegan margbreytileika starfs síns, sem hafa til að bera ákveðna leikni við að túlka eigin hegðun og þær afleiðingar sem þessi hegðun hefur á nemana. (bls. 47).

Campell heldur áfram og segir að þeir, sem gera þetta vel, séu þeir sem vefa siðferðilegt nám inn í daglegt starf sitt og kennslu og hún segir að slíkt krefjist mikils af kennurum án þess að þeir leiti í það fara að predika. Sjálf tel ég að þarna sé komið að kjarna málsins; hvernig eigi að vera siðferðislegur kennari án þess að halla sér að innrætingu. Ég tel að allir kennarar verði að velta því fyrir sér sem þeir gera eða gera ekki og sem hefur áhrif á börnin.

4. Trúaruppeldi

Rannsóknir á langtímaáhrifum félagsmótunar á börn hafa gefið vísbendingu um að börn, sem til dæmis eru snemma þátttakendur í mótun umhverfis síns og hafa þar ákveðið ákvörðunarvald, séu líkleg til að verða þátttakendur í pólitísku starfi síðar (Niemi og Junn 1998). Damon (1988) fjallar um siðferðisþroska barna og sýnir fram á tilurð hans og rætur í frumbersku. Hann leggur til að starfsfólk leikskóla nýti ýmsar aðferðir til að gefa barninu kost á að þroska siðferði sitt. Vegna þess meðal annars að líklegra sé að það barn, sem finnur til samkenndar, finni til mannlegrar samábyrgðar gangvart þeim sem minna mega sín í samfélaginu og sé tilbúnari til að rétta út hönd til hjálpar. Ekki er ástæða til að ætla annað en að það sama eigi við um trúarlegt uppeldi og byggir Fowler (2004) kenningar sínar um trúaruppeldi á kenningum Kohlberg um siðferðisþroska, á kenningum Piaget um vitrænan þroska barna og sem og á kenningum Selmans. Þó svo að kenningar þessara manna hafi verið gríðarlega áhrifamiklar eru uppi sterkar gagnrýnisraddir um alhæfingargildi þeirra, (sjá Donaldson 1978; Woodhead 2006). Samkvæmt Fowler (í: Sigurður Pálsson 2001) er hægt að staðsetja trúarskilning barna í ákveðin þrep og taka fyrstu tvö þrepin til barna á leikskólaaldri. Kemur þar fram að þátttaka barna og reynsla af trúarlegum athöfnum, svo sem bænastundum, geti stuðlað að því að barnið þroski með sér varanlega trúarlega ímynd. Fowler (2004) undirstikar að það geti aldrei verið aðalmarkmið trúarlegs uppeldis að koma börnum á milli trúarlegra þroskastiga heldur sé markmiðið að hjálpa til við að móta kennsluna. Segir Sigurður að þeir sem vilji miðla trúararfinum til barna á þessum aldri geti valið þá leið að segja þeim Biblíusögur um baráttu góðs og illis og/eða sögur um fólk sem trúin hefur mótað. Hann tekur fram að í rannsóknum sínum hafi Fowler kynnst börnum þar sem viðkvæmni barna var misnotuð og sögur sagðar til að hræða þau til ákveðins lífsstíls og þá gjarnan með tilvísun til valds djöfulsins. Samkvæmt Fowler (2004 bls. 413 -114) er hægt að nota kenninguna um trúarþroska barna (*faith development theory*) til þess að móta trúaruppeldisaðferðir. Hann bendir sérstaklega á eftirfarandi þætti sem mikilvæga við trúaruppeldi barna. 1) *Þörfin fyrir tilfinningatengsl þar sem litið er á barnið sem guðsblessað sköpunarverk, sem verðskuldar ást, umhyggju og mótandi stuðning.* Tekur þetta til þess að barnið sé haft í forgangi í lífi fólks, að fólk hugi að þroskamöguleikum barnsins á hverju þroskastigi. Það felur í sér að kynna fyrir börnum sögur og reynslu sem bera í sér elsku guðs og leiðsögn. Að barnið skilji að það sé guðsgjöf, eigi ást guðs og að fullorðnir elski barnið og virði sem guðsbarn. 2) *Þörfin fyrir aðferð til þess að virkja barnið og gera því þannig kleift að nýta heilaga ritningu og trúarlega iðkun sem hluta af haldríkum og mikilvægum þáttum í*

ímyndunarafla, vilja, þekkingu og siðferðisþroska barnsins. Telur Fowler að ef þessum þætti sé sinnt leiði það til þess að þegar barnið þroskast, þá verði trúarleg uppfostran til þess að hvetja barnið til þess að krefjast hluta í sameiginlegri sjálfsmynd, í tengslum við uppsprettu og tilgang lífsins. Með öðrum orðum verður barnið hluti af og fullur þátttakandi í samfélagi guðs. Þetta gerist með því að barnið er þátttakandi og deildir upplifun af sameignlegum táknum, trúarlegri iðkun og kennslu. Barnið kemur til með að þekkja og treysta ást Guðs og elsku hans eins og sú ást birtist í heilagri ritningu og iðkun í því sem trúin kennir.

Í mínum huga er ljóst að hugmyndir Fowler byggja á því að til þess að tryggja trú og trúskilning barna sé mikilvægt að barnið alist upp í þeim anda frá fæðingu. Það er nokkuð ljóst að hann telur stigin vera algild og að allt trúað fólk þurfi að fara í gegnum hvert og eitt þeirra, jafnvel það fólk sem tekur trú seint á ævinni. Það sé með öðrum orðum um línuleg tengsl að ræða. Sem fyrr segir er í dag fjöldi fræðimanna sem hafnar því að þroski fari eftir fyrirfram tilgreindu línulegu ferli. Þó svo, að ég taki undir gagnrýni á að línuleg ferli, er ég ekki að útiloka þær lýsingar á þroska barna sem koma fram hjá hinum ýmsu kennimönnum, heldur að vara við því að líta á þær sem algildar eða sem nauðsynlega forsendu. En hvort sem fólk trúir á línulegan þroska eða ekki þá eru fyrir hendi sterkar vísbendingar um að hægt sé að hafa varanleg áhrif á framtíðarhegðun/viðhorf barna í gegnum það uppeldi sem þau fá á leikskólaárunum. Að á þeim árum mótist grunnur að persónuleika hvers og eins.

Í bók sinni *Börn og trú af sjónarhóli uppeldisfræði og guðfræði* heldur Sigurður Pálsson (2001) fram þeirri skoðun að í leikskólum eigi að fara fram trúaruppeldi. Þar segir:

Leikskólinn tekur ríkan þátt í að smíða þann tilvísunarramma sem börnin eru óðum að koma sér upp. Með því að segja börnum sögur er geyma trúarlega þætti, hvort sem um er að ræða beinar Biblíusögur, sögur af börnum sem iðka trú sína og túlka tilveruna á trúarlegum forsendum eða börnum sem gera það ekki, leggur leikskólinn sitt af mörkum (2001 bls.147).

Hann telur það, að sneiða hjá trúfræðslu og umræðu um trú og trúarlíf í skólum, feli í sér ákveðin skilaboð, meðal annars þau að þetta sé einskisnýtt efni, jafnvel óþarfa þekkingu eða að efnið sé svo viðkvæmt að skólar treysti sér ekki til að ræða eða fjalla um það. Vissulega er hægt að taka undir með Sigurði, að þöggun á jafn mikilvægum þætti og trúin er í lífi margra, sé óæskileg. En samtímis er mikilvægt að velta því fyrir sér hver sé rammi heimilisins og foreldranna og hvar skólar og kirkja taki við. Ég tel að í leikskólanum eigi ekki að þagga

niður mál sem leikskólakennurum finnast óþægileg og afgreiða oft með að þau hæfi ekki aldri og þroska barnanna. Meðal slíkra mála eru trúmál en líka fjölda annarra viðkvæmra mála. Í lýðræðissamfélögum á að vera rými fyrir raddir allra. En hvert sem málefnið er verður að gæta þess vel á hvaða forsendum og hvernig ýmis ágreiningsmál eru rædd við börn. Börn eru upptekin af því sem er að gerast í umhverfinu – í fjölmiðlum sjá þau og heyra um ýmislegt sem valdið getur heilabrotum og má þar nefna trúmál, ofbeldi, fátækt og stríð. Allt efni sem verðugt er að skoða með barnahópnum.

Eins og fram hefur komið er líklegt að börn, sem alin upp við ákveðin trúarleg ritúöl og venjur, líkleg til að fylgja þeim þegar fram í sækir. Að á umrótartímum í lífi fólks sé t.d. líklegt til að leita til athafna og siða sem hafa róað sem börn. Má ætla, að það skipti trúarsamfélög máli að ná til barna á þessu mótunarskeiði og taka þátt í að smíða, eins og Sigurður Pálsson orðar svo vel, tilvísunarramma þeirra. Þjóðkirkjan er trúarsamfélag sem hefur bankað á dyr leikskólans í krafti þess meðal annars að langstærsti hluti þjóðarinnar er innan vébanda hennar og að ekki sé formlegur aðskilnaður kirkju og ríkis. Hún hefur leitast eftir að taka að sér það hlutverk að smíða þennan tilvísunarramma innan leikskólans. Það er ljóst að Þjóðkirkjan hefur verið tilbúin til að taka að sér ákveðið hlutverk menntavæðingarinnar. Ég hef velt því fyrir mér hvort að með því sé kirkjan í raun að lýsa í leiðinni yfir ákveðnu vantrausti á foreldra og því hlutverki sem þeir hafa við trúarlegt uppeldi barna sinna.

5. Opinber ákvæði um trúmál

Í *Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands* eru greinar 63 - 65 helgaðar rétti manna til að vera jafnir fyrir lögum án tillits til trúar og réttindum fólks til trúariðkunar. Það, að sérstök áhersla skuli lögð á ofangreind atriði í stjórnarskrá, sýnir vilja yfirvalda til að telja þau til grundvallarmannréttinda hvorrar manneskju. Frá því að Ísland varð lýðveldi hefur það gerst aðili að fjölda alþjóðlegra sáttmála sem síðan hafa öðlast lagagildi hér. Má þar nefna *Heimsyfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi*, *Mannréttindasáttmála Evrópu* og *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna*. Eitt grundvallargildi þessara sáttmála er að fólk sé frjálst að trú sinni. Jafnan er þar tekið fram að börn eru fyrst og fremst á ábyrgð foreldra en að samfélaginu beri að styðja þá eftir því sem auðið er. Bæði börn og foreldrar eiga rétt á því að börnum sé tryggð menntun og fræðsla sem sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra (sjá 1. og 2. mgr. 9. greinar *Mannréttindasáttmála Evrópu* og 2. mgr. Viðauka 1 í *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna*). Í *Heimsyfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi*, 26. grein, segir:

2) Menntun skal beina í þá átt að þroska persónuleika einstaklinganna og innræta þeim virðingu fyrir mannréttindum og mannhelgi. Hún skal miða að því að efla skilning, umburðarlyndi og vináttu meðal allra þjóða, kynþátta og trúarflokka og að efla starf Sameinuðu þjóðanna í þágu friðarins.

Í *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna* er sami tónn sleginn, en að auki er þar í 29. grein sérstakt og ítarlegt ákvæði um rétt barna til innihalds menntunar. Segir þar að aðildarríki sáttmálans séu sammála um að menntun barna skuli beinast að því að:

- a) Rækta eftir því sem frekast er unnt persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess.
- b) Móta með því virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi og grundvallarsjónarmiðum þeim er fram koma í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða.
- c) Móta með því virðingu fyrir foreldrum þess, menningarlegri arfleifð þess, tungu og gildismati, þjóðernislegum gildum þess lands er það býr í og þess er það kann að vera upprunnið frá, og fyrir öðrum menningarháttum sem frábrugðnir eru menningu þess sjálfs.
- d) Undirbúa barn til að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi, í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis karla og kvenna og

vináttu milli allra þjóða, þjóðháttá-, þjóðernis- og trúarhópa, og fólks af frumbyggjaættum.

Ef ákvæði *Barnasáttmálans* eru borin saman við ákvæði *Aðalnámskrár leikskóla* má finna þar samhljóm. Í *Aðalnámskrá leikskóla* eru svipuð atriði nefnd til sögunnar og þau talin vera undirstaða leikskólastarfs. Má sérstaklega nefna kafla um markmið og lífsleikni. Aðalnámskráin hefur reglugerðarígildi og ber leikskólum landsins að starfa samkvæmt henni. Er ljóst að starfsfólk leikskóla hefur fengið það vandasama hlutverk að virða ákvæði, stjórnarskrár og mannréttindasáttmála, laga um leikskóla og Aðalnámskrár um trúfrelsi, samtímis því að uppfylla það skilyrði að efla og fræða um kristilegt siðgæði.

6. Aðalnámskrá leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla og áður um dagvistunarheimili hefur sú skoðun löggjafarvaldsins verið alveg ljós að hlutverk leikskólans sé fyrst og fremst að vera stuðningur við það uppeldi sem foreldrar veita. Leikskólanum hefur ekki verið ætlað það ábyrgðarmikla hlutverk að bera alfarið ábyrgð á uppeldi barna. Andi laganna er skýr; litið er á uppeldi og menntun barna sem samvinnuverk, en á ábyrgð foreldra. Er það í samræmi við þær áherslur sem koma fram í þeim alþjóðasáttamálum sem íslenska þjóðin hefur undirgengist.

Í *Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili*² frá 1985 segir að lífsgildi Íslendinga byggist meðal annars á aldargamalli lýðræðishugsjón og kristilegu siðgæði. Er vísað til grunnskólalaganna frá 1974 til frekari skýringar. Telur nefndin, sem samdi Uppeldisáætlunina, að leggja beri áherslu á þetta lífsviðhorf - þó ekki sé útskýrt frekar hvað í því felist. Þótt hugtakið kristilegt siðgæði komi fyrir í *Lögum um grunnskólann* frá 1974 er það ekki útskýrt að ráði fyrir en í *Aðalnámskrá grunnskóla* 1989 en þar segir að:

Samkvæmt kristnum skilningi sé maðurinn skapaður til samfélags við guð og til ábyrgðar gagnvart honum. Jafnframt er maðurinn kallaður til samfélags við náunga sinn, ábyrgðar gagnvart honum og öllu lífi og umhverfi. ... þáttur í ábyrgðinni á öðrum er að sýna kærleika, þ.e. áhuga og umhyggju, reyna að láta hvern einstakling njóta verndar og vináttu.

Ennfremur kemur þar fram að þrátt fyrir að skólinn eigi að sýna umburðarlyndi gagnvart mismunandi skoðunum þá séu ekki allar skoðanir jafnrétt háar; skólinn sé bundinn af þeim gildum sem tengjast sérstaklega lýðræði og kristilegu siðgæði (*Aðalnámskrá grunnskóla* 1989 bls. 10). Þannig má sjá þráð á milli sögu grunnskólans og leikskólans, þar sem sömu viðhorf eru lögð til grundvallar. Reyndar kemur fram í bréfi frá Sigurjóni Mýrdal deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu til mín dagsettu þann 25. september 2005, að söguleg og menningarleg rök hafi á sínum tíma hnigið til þess að áherslan hafi verið á kristileg siðgæði. Þar kemur jafnframt fram að nærtækt sé að álykta að skilgreining hugtaksins í leikskólalögum dragi dóm af stöðu þess í grunnskólalögum, enda rímar það við þá túlkun sem lesa mátti úr Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili frá 1985.

Samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* (1999) sem tók við af *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla*, kemur fram að það beri að fræða börn um kristilegt siðgæði en samtímis ber að taka tillit til

² Sem ég tel hafa haft sama gildi fyrir starfið í leikskólanum og aðalnámskrá leikskóla

menningar, trúar og uppruna hvers og eins. Í kaflanum um markmið leikskólastarfs er fjallað um siðgæðisþroska og siðgæðisvitund sem samkvæmt aðalnámskrá felst í að:

- örva barn til að sýna umhyggju og umburðarlyndi,
- hvetja barn til sáttfýsi og samvinnu,
- vekja skilning barns á að óbilgírni og ofbeldi leysir engan vanda,
- hvetja barn til hjálpssemi og ábyrgðarkenndar gagnvart mönnum og málleysingjum,
- kenna barni að bera virðingu fyrir öðru fólki óháð trúar og lífsviðhorfum, kynþætti, uppruna, menningu eða atgervi og
- fræða barn um kristilegt siðgæði, (*Aðalnámskrá leikskóla* 1999 bls. 10).

Í námskránni er sérstakur kafli tileinkaður lífsleikni og þar gerð grein fyrir því í hverju hún felst í leikskóla. Eru ofangreind markmið hluti af lífleikninni, en jafnframt er lögð rík áhersla á uppeldi til lýðræðis.

Á grundvelli lífsleikninnar hafa verið unnin þróunarverkefni í leikskólum og er þar skemmt að minnast Lífsleikniverkefni þriggja leikskóla á Akureyri (Sigríður Síta Pétursdóttir 2004a) og þróunarverkefni leikskólans Arnarsmára í Kópavogi (2004), *Frumkvæði, vinátta og gleði*. Telja má að þau verkefni taki á ofangreindum þáttum *Aðalnámskrár leikskóla*. Ljóst er að ekkert verkefni hefur haft kristilegt siðgæði sérstaklega sem viðfangsefni. Kristján Kristjánsson (2001) leiðir að því líkum að lífsleikni, eins og hún er sett fram í íslenskum námskrám, sé í raun mjög lík því sem í enskumælandi löndum nefnist *character education*. Ef lítið er til þess annars vegar hversu mikið rými lífsleikni fær í Aðalnámskrá leikskóla og hversu lítil áhersla er á kristilegt siðgæði (ein setning um að í leikskóla beri að fræða börn um kristilegt siðgæði) er ekki erfitt að skilja hversu lítið hefur verið um síðarnefnda hugtakið fjallað. Jafnvel þótt hugtakið lífsleikni komi fyrst inn í Aðalnámskrá leikskóla árið 1999 hefur þegar verið unnið að umfangsmiklum þróunarverkefnum sem leggja lífsleikni til grundvallar (sjá Sigríði Sítu Pétursdóttur 2004a; Leikskólann Arnarsmára 2004).

7. Leikskólinn og Þjóðkirkjan

En hver eru þau viðhorf og ákvarðanir sem opinberlega stýra hugmyndum Þjóðkirkjunnar um samstarf hennar við leikskólann? Í *Fræðslustefnu Þjóðkirkjunnar*, sem samþykkt var í október 2004, er lögð á það áhersla að fyrst og fremst séu foreldrar ábyrgir fyrir trúarlegu uppeldi barna sinna. Hlutverk kirkjunnar sé að styðja foreldra í því hlutverki. Þar kemur jafnframt fram að

Frumskylda kristins samfélags er að kenna þeim sem skírð eru að þekkja Guð, elska hann og tilbiðja og að elska náungann eins og sjálfan sig.

Fræðslustefna Þjóðkirkjunnar leitast við að þjóna þessu meginmarkmiði. Sú fræðsla fer fram á heimilum, í sóknum, prestaköllum, innan prófatsdæma og á vegum stofnana kirkjunnar. Það er fyrst og fremst á ábyrgð heimilisins að annast þessa uppfræðslu. Þar sem heimilið og fjölskyldan er hluti hinnar kristnu kirkju axlar söfnuðurinn og kirkjan öll þessa skyldu með heimilinu.

Þetta ákvæði fræðslustefnunnar fer vel saman við ákvæði mannréttindasáttmálanna sem og *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna*, að trúaruppeldi sé fyrst og fremst á valdi heimila. Má jafnvel telja að hér sé kirkjan að hafna því hlutverki sem menntavæðingin felur í sér og ítreka það viðhorf að það sé foreldaranna að sjá um trúarlegt uppeldi en skólans að fræða um trúarbrögð eða jafnvel heimssýn (*world view*). Þetta er í raun í samræmi við það sjónarmið sem birtist í *Aðalnámskrá leikskóla* en þar segir að leikskólinn eigi að fræða börn um kristilegt siðgæði. Þar segir ekki að fara eigi fram trúarbragðafræðsla eða trúarlegt uppeldi. Spyrja má hvort slíkt sé yfirleitt raunhæft og hvort það falli almennt að ákvæðum *Aðalnámskrár leikskóla*. Hinsvegar skal á það bent, að í nýrri rannsókn menntamálaráðuneytisins (Menntamálaráðuneytið 2006) kemur fram að leikskólastjórar virðast hafa nokkrar áhyggjur af því hvernig sinna eigi trúarbrögðum innan leikskólans og telja að sá þáttur starfsins þurfi frekari skýringa og leiðbeininga við.

Þó svo að Þjóðkirkjan hafi komið sér saman um fræðslustefnu sem sé í samræmi við sáttmála og lýðræðislega sýn á hlutverk kirkjunnar er ljóst að ákveðin togstreita er ríkjandi innan kirkjunnar. Nefnd sú sem undirbjó fræðslustefnuna virðist t.d. hafa viljað ganga nokkuð lengra. Til marks um það má benda á skýrslu starfshóps um samstarf kirkju og skóla (frá september 2004), sem er jafnframt fylgiskjal við *Fræðslustefnu Þjóðkirkjunnar*. Þar kemur fram að tengsl kirkju, heimila og skóla hafi verið mikil, en á hinn bóginn hafi ekki alltaf verið

ljóst á hvaða forsendum þau tengsl og samstarf séu. Í skýrslunni eru grundvallarforsendur samstarfsins skýrðar. En þær eru:

1. Skólinn fræðir um kristna trú og önnur trúarbrögð. Slík fræðsla verður mikilvægari eftir því sem íslenskt þjóðfélag verður fjölbreyttara í trú og lífsskoðun. Mikilvægt er að takast á við slík viðfangsefni í skólanum sem nær til allra.
2. Tileinkun trúar eða lífsskoðunar fer fram á heimilum, í kirkjum eða trúfélögum.
3. Þjóðkirkjan er reiðubúin að veita heimilum og skóla þjónustu í tengslum við trúarfræðslu. Sú þjónusta sem veitt er skólanum verður þó alltaf að vera á forsendum hans.

Má velta því fyrir sér þegar horft er til fyrsta þáttar hér að ofan, hvernig kirkjan hefur hugsað sér að aðskilja tileinkun trúar og lífsskoðana frá kristinfræðslu – sérstaklega í leikskólum. Hvort ekki sé hætt á að farið sé yfir hin hárfínu landamæri á milli innrætingar (tilbeiðslu) og uppeldis.

Í skýrslunni er ennfremur lagt til að samstarfi kirkjunnar við leikskóla skuli hagað á ákveðinn hátt og tiltekið að samstarfinu beri að haga á ákveðinn hátt.³ Þær tillögur virðast ekki hafa átt upp á pallborð kirkjupings í óbreyttri mynd. Meðal annars voru tíunduð í skýrslunni ýmis atriði sem geti orkað tvímælis og jafnvel gengið á rétt leikskóla til sjálfsákvörðunar. Þess ber að geta að í starfshóp kirkjunnar voru undir starfsheitum, deildarstjóri í skóladeild menntamálaráðuneytisins, leikskólastjóri, grunnskólakennari og dósent við KHÍ, einstaklingar sem gera má ráð fyrir að þekki umhverfi og starfsskilyrði skóla vel.

Það er jafnframt áhugavert að kirkjan hefur í skoðanakönnun um trúarlíf (Gallup, 2004) lagt þá spurningu fyrir landsmenn hvort þeir telji að kristnar trúarathafnir eigi heima í leikskólum⁴. Í svörunum kemur fram að um helmingur landsmanna telur að svo eigi að vera og hinn helmingurinn telur svo ekki eigi að vera. En hvað átt er við með kristnar trúarathafnir er ekki skýrt, hvort átt sé við t.d. bænastundir eða litlu jólin. Í mínum huga er töluverður munur þar á. Öðru er ég samþykkt en hinu ekki.

³ Presturinn eða fulltrúi barnastarfsins komi í skólann að hausti og ræði við börnin. Börnin komi í kirkjuna á jólaföstu og hlýði m.a. á boðskap adventunnar og syngi. Jóladagatali dreift til leikskóla. Börnin fari í kirkjuheimsókn fyrir páska og fá fræðslu um páskana. Presturinn komi einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn. Hver leikskóli komi á stofn áfallaráði sem hittist minnst tvisvar á ári. Áfallaráð geri starfslýsingu í samráði við prestinn. Gert verði námsefni sem byggir á boðorðunum tíu.

⁴ Reyndar notar kirkjan hugtakið dagvistarstofnun þó svo að það hugtak haf verið aflagt með lögum 1991.

Fram til haustsins 2006 hefur ekki átt sér stað mikil umræða í samfélaginu um samstarf kirkju og leikskóla. Málið hefur þó a.m.k. einu sinni komið upp á borð Leikskólaráðs Leikskóla Reykjavíkur (sem hafði með höndum yfirstjórn leikskólamála í borginni þangað til hið nýja Menntasvið Reykjavíkur tók yfir 1. júní 2005). Foreldrar í leikskóla einum sendu seinni part ársins 2001 formlega kvörtun til ráðsins yfir því sem þau töldu vera trúboð í leikskólanum. Í svari Leikskóla Reykjavíkur kom fram að samstarfið við kirkjuna í viðkomandi leikskóla megi rekja til ársins 1991 og að það sé ekki talið hlutverk leikskólans að stunda trúboð, en á hinn bóginn sé hverjum leikskóla frjálst að leggja sínar áherslur svo framarlega sem þær falli að lögum, og til þess var vísað að samkvæmt lögum beri að efla með börnum kristilegt siðgæði.

Í bréfi sem prestar Dómkirkjunnar, þeir Jakob Ágúst Hjálmarsson og Hjálmar Jónsson, sendu Leikskólaráði Reykjavíkur í ársbyrjun 2002, til að greina frá sinni hlið á málinu, segir:

Við teljum það tæpast eiga við að nota orðið trúboð/kristnið um heimsóknir starfsmanna kirkjunnar í leikskóla. Miklu nær væri að tala um fræðslu og þátttöku í trúarlegri uppeldismótun. Flest barnanna sem um ræðir hafa verið skírð til kristinnar trúar og foreldrarnir þar með lýst vilja sínum til að börnin alist upp í kristinni trú. Með umræddum heimsóknum sinnir kirkjan skyldum sínum og tekur höndum saman við leikskólann um þjónustu við þessi börn og foreldra þeirra á grundvelli skírnaarskipunarinnar í Mt. 28: 19-20.

Það verður að teljast afar hæpið hjá prestum Dómkirkjunnar að ætla að byggja samstarfið við leikskólann á skírnaarskipuninni. Jafnvel fyrir leikmann er ljóst að þar rugla prestarnir saman hlutverkum sínum gangvart barninu og foreldrum og opinberu hlutverki leikskólans og kirkjunnar. Virðast þeir í raun tilkippilegir til að taka að sér það sem ég hef hér að framan nefnt menntavæðingu.


8. Könnun um tengsl leikskóla og Þjóðkirkju

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir könnun sem framkvæmd var á meðal leikskólastjóra um m.a. tengsl leikskóla við þjóðkirkjuna. Könnunin var framkvæmd með því að senda spurningalista á alla leikskóla landsins þar sem starfandi eru leikskólakennarar sem eru félagar í Félagi leikskólakennara. Þær upplýsingar sem ég óskaði eftir falla ekki undir viðkvæmar persónuupplýsingar sem krefjast nafnleyndar. Þetta eru upplýsingar um fyrirkomulag á samstarfi við Þjóðkirkjuna og önnur trúfélög og tengjast opinberri stefnu/námskrá viðkomandi skóla. Því valdi ég að senda spurningalistana út með tölvupósti á netföng leikskólanna. Aðgegni að netfangaskrá fékkst hjá Félagi leikskólakennara, erindi var sent stjórn félagsins og fékkst góðfúslegt leyfi þeirra. Fyrirkomulag útsendingar var þannig að félagið sendi sjálft tölvupóst til um 228 leikskóla en þeir leikskólar sem völdu að taka þátt í rannsókninni sendu svörin beint til mín. Nokkrir leikskólastjórar settu sig í samband við mig eftir að úrvinnslu lauk og telja sig ekki hafa fengið tölvupóst með spurningum en það er í undantekningartilfellum. Svör bárust frá 147 leikskólum eða um 65% leikskóla. Flestir svöruðu meirihluta spurninga, örfáir einungis einni eða tveimur spurningum. Til að fá upplýsingar um staðsetningu leikskólanna spurði ég í hvaða kjördæmi þeir væru. Þegar skoðað er hvaðan svör bárust er ljóst að þau gefa ágætt þversnið af leikskólum í landinu.

Spurningarlistinn var þannig uppbyggður að einfalt og fljótlegt væri að svara honum. Þetta voru tæplega 30 spurningar og var hægt að merkja við beint inn í listann. Flestar spurningar höfðu aðeins tvo svarmöguleika; já og nei. Nokkrar spurninganna voru opnar og gáfu leikskólastjórum færi að svara ítarlegar ef þeir svo kusu. Flestir svöruðu beint inn í listann og sendu mér í tölvupósti, nokkrir völdu að prenta svör sín út og senda mér með landpósti.

8.1 Niðurstöður könnunar


Mynd 1



Á mynd 1 kemur fram hve mörg prósent skóla heimsóttu kirkju og hvernig þátttöku þeirra var háttað. Samkvæmt þessum niðurstöðum má ætla að um 73% allra leikskóla heimsæki kirkjur að minnsta kosti einu sinni á ári. Tæplega 70% þeirra barna sem heimsóttu kirkju tóku þátt í einhverri kirkjulegri athöfn. Það getur verið allt frá því að fara með bænir til þess að setja helgileik á svið. Samkvæmt tölum Hagstofunnar eru 95% (2006) allra barna á aldinum 2-5 ára í leikskólum. Ef þessar niðurstöður eru yfirfærðar á alla leikskóla má ætla að um helmingur barna í landinu á leikskólaaldri taki þátt í einhverskonar kirkjulegum athöfnum á leikskólaárum sínum. Þegar leikskólastjórar sem telja að samstarf eigi að vera við kirkjuna voru beðnir að skýra í hverju samstarfið eigi að vera fólgið, voru nefnd atriði eins og að; prestar væru sýnilegri í starfi leikskóla, heimsóknir þeirra fyrir bæði stórhátíðir og mánaðarlega, fræðslu til starfsfólks og barna vegna kristinna róta menningar, aðstoð frá kirkjunni þegar að áföll ríða yfir, að venja börn við að leita til kirkjunnar ef þau lenda í ógöngum, börn læri að til er eitthvað æðra manningum og þau læri að eiga stund með guði í bæn og þökk. Við spurningunni um hvort að trúarlegt uppeldi færi fram í leikskólanum töldu um 45% svo vera. Þegar sá hópur sem telur trúarlegt uppeldi fara fram í leikskólanum var skoðaður betur kom í ljós að um þriðjungur þeirra sem fengu prest töldu ekki að trúarlegt uppeldi ætti sér stað í leikskólanum. Þegar beðið var um lýsingar í hverju trúarlegt uppeldi fælist, voru svör flestra á þá leið að farið væri að því sem stæði í *Aðalnámskrá leikskóla* um kristilegt siðferði, en jafnframt komu fram atriði eins og að; kenna um umburðarlyndi og sammannlegar dyggðir, ræða um guð í tengslum við þælingar barnanna, að halda upp á hátíðir


eins og jól og páska, syngja fyrir Jesú til að gleðja hann, fara með bænir fyrir þá sem eiga bág. Þannig er ljóst að í trúarlegt uppeldi spannar breitt svið í hugum flestra.

Mynd 2




Mynd 2 sýnir að um 35% allra leikskóla sem svöruðu spurningalistanum fengu heimsókn frá fulltrúa safnaða. Alls svöruðu 141 leikskólastjóri þessari spurningu. Þegar fyrirkomulag heimsókna er skoðað nánar (sjá mynd 3) kemur í ljós að samstarfinu er háttað á mismunandi vegu.

Mynd 3




Mynd 3 sýnir að um 20% allra leikskóla í landinu fá heimsókn frá söfnuði sem liður í undirbúningi jóla og/eða páska. Færri skólar fá heimsókn mánaðarlega og þeir sem svara “annað” fá heimsóknir hins vegar oftast, jafnvel vikulega. Sá sem sinnir þessum heimsóknum af hálfu kirkjunnar getur verið ýmist prestur, djákni eða sá aðili sem heldur utan um sunnudagaskólann.

Mynd 4




Ástæða þess að spurt var sérstaklega um jólasöngva söngvar eins og *Jólasveinar einn og átta* og hinsvegar jólasálma eins og *Bjart er yfir Betlehem* er sú hefð á Íslandi að trúa á jólasveina. Flestir foreldrar reyna að leyna því að jólasveinar séu ekki til og taka þátt í þeirri hefð að setja í skóinn hjá börnunum. Trú á jólasveina er hluti af gamalli þjóðtrú og verður að teljast til heiðni og þar af leiðandi andstæð boðun kirkjunnar. Telja má hversu afdráttalaust jólasöngvar sem tengjast jólasveinum eru sungnir styrkja það sjónarmið að jólaundirbúningur byggji að miklu leyti á hefðum og menningarlegum forsendum í flestum leikskólum.

Mynd 5



Mynd 6


Rætt um tilgang páska með tilliti til heimsókn frá söfnuði



Jólin eru iðulega nefnd hátíð barnanna þótt páskar séu almennt talið helgari hátíð í kristnum sið. Því kom það ekki á óvart að fræðsla tengd jólum sé meira áberandi í leikskólum. Veit ég líka til þess að leikskólakennarar eigi sumir erfitt með að skýra krossfestinguna fyrir börnum. Styðja þessar niðurstöður þá tilgátu hér að framan að litið sé á jól og jólaundirbúning sem

hluta af hefðum og menningu frekar en að tilvísunin sé trúarleg. Hitt kom meira á óvart að í leikskólum, þar sem starfsmenn safnaða koma í heimsókn eru aðeins helmingslíkur á því að börnin séu frædd um páska, helgustu hátíð kristinna. Í framhaldinu hlýtur sú spurning að vakna hvað starfsmenn safnaða séu að ræða við börnin í heimsóknum sínum í leikskólana.

Mynd 7




Jafnvel þó að um 70% allra leikskóla heimsæki kirkjur og eigi þannig í reglulegum samskiptum við þær telja einungis 30% leikskólastjóranna að kirkjan eigi að hafa hlutverk í leikskólanum. Leikskólarnir virðast vilja eiga í óformlegum samskiptum við kirkjuna á eigin grundvelli. Tel má þetta vera enn eina vísbendinguna um að leikskólarnir líti á kirkjuna sem hluta af hinu menningarlega samfélagi, ekki óskýlt því að fara í bókasafn eða að heimsækja slökkviliðið. Kirkjan sé hluti af umhverfinu og því beri að kynna hana börnum en ekki vegna þess að hún sé trúarleg stofnun. Það er jafnframt athyglisvert að um helmingur leikskólastjóra, sem fá reglulega heimsóknir frá kirkjunni, telur hana ekki eiga að hafa hlutverk í leikskólanum. Það er ljóst að flestir leikskólarnir vilja hafa samstarf við kirkjuna á sínum forsendum, áhugavert væri að skoða hvort kirkjan sé sammála því, og skoða á hvaða forsendum hún vill hafa samstarf.

Mynd 8



Það er eftirtektarvert að um 60% leikskólastjóra telja skipulögð tengsl ekki að vera við kirkjuna. Sérstaklega þegar gáð er að því að yfir 70% leikskóla eru í samskiptum við kirkjuna á einhvern hátt. Styðja þessar niðurstöður þá skoðun að meirihlutinn líti á þau samskipti sem óformleg og þau byggji á öðru en viðhorfi til trúarlegs uppeldis. Má til dæmis telja víst að leikskóli sem heimsækir bókasafn nokkrum sinnum á vetri telji sig ekki endilega eiga í skipulögðu samstarfi við það. Þegar leikskólastjórar sem telja að samstarf eigi að vera við kirkjuna voru beðnir að skýra í hverju samstarfið eigi að vera fólgið, nefndu flestir heimsóknir í kirkjuna eða heimsóknir presta í leikskólann sem æskilegt form tengsla önnur atriði sem voru; fræðsla til starfsfólks og barna vegna kristinna róta menningarinnar, aðstoð frá kirkjunni þegar að áföll ríða yfir, venja börn við að leita til kirkjunnar ef þau lenda í ógöngum, börn læri að til er eitthvað æðra manningum og þau læri að eiga stund með guði í bæn og þökk. Jafnframt var minnst á þá staðreynd að við værum kristinn þjóð og flest börnin skírð.

Mynd 9



Það er áhugavert að í um 50% leikskólanna eru börn úr öðrum trúfélögum en Þjóðkirkjunni, en það vekur ekki síður athygli að í um 37% tilvika veit leikskólastjórinn ekki hvort börn eru frá öðrum trúfélögum. Bendir það í þá átt að spurning um trú sé ekki ein þeirra sem foreldrar eru spurðir í upphafi leikskólagöngu barna sinna. Sjálf þekki ég þá tilfinningu frá þeim árum er ég var leikskólastjóri, að finnast það vera dónaskapur að spyrja fólk hvort það tilheyrði einhverju sérstöku trúfélagi. Í mínu tilfalli varð foreldri sem spurði um jurtagylsur í grillveislu til þess að opna augu mín fyrir nauðsyn spurningarinnar um trúfélag.

8.2 Samantekt

Töluvert samstarf er á milli leikskóla og Þjóðkirkjunnar eftir því sem fram kemur í könnuninni. Samstarfið virðist fyrst og fremst byggjast á heimsóknnum í kirkjuna á aðventu og heimsókn fulltrúa safnaða í leikskólana á sama tíma. Hluti leikskóla hefur þó valið að eiga í meira samstarfi við kirkjuna og fær fulltrúa hennar reglulega í heimsókn til barnanna (35%). Hægt er að velti því fyrir sér á hvaða forsendum þetta samstarfs sé: kirkjunnar eða leikskólans? Spyrja má hvort kirkjan sé hér farin út fyrir sitt svið. Í *Fræðslustefnu Þjóðkirkjunnar* er lagt til að skipulagt samstarf sé við leikskóla og þá að hluta í því formi sem flestir leikskólar eiga í dag, það er með heimsóknnum á aðventunni. En kirkjan virðist ekki telja það nóg því lagt er til að prestar heimsæki leikskóla og ræði við börnin að hausti og heimsóknnum fyrir páska verði bætt við. Þrátt fyrir ákvæði í stjórnarskrá um að hér sé ríkiskirkja og ríkistrú, tel ég það ekki vera haldbær rök fyrir því að kirkjan eigi rétt til innkomu í leikskólana. Má benda á þá einföldu staðreynd að um sitthvort stjórnsýslustigið er að ræða og að leikskólar eru reknir af sveitarfélögum á meðan kirkjan hefur tengsl við ríkið. Það að flest börn séu skírð í Þjóðkirkjuna, eru ekki veigamikil rök fyrir að starfsemi hennar fari út fyrir vegg kirkjunnar, eins og til dæmis prestar Dómkirkjunnar virðast halda fram. Samkvæmt *Lögum um leikskóla* og *Aðalnámskrá leikskóla* á að fræða börn um, og efla með þeim kristilegt siðgæði. Það er umhugsunarvert að innan við helmingur leikskólastjóra telur að trúarlegt uppeldi fari fram í leikskólanum og flestir þeirra sem skýra frekar í hverju það felst nefna starf samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* og fræðslu tengda kirkjulegum stórhátíðum. Í þeirri fræðslu er ekki sjálfgefið að um trúarlegt uppeldi sé að ræða, eins og það er skilgreint samkvæmt til dæmis Fowler (2004). Þar sem með ákveðnum uppeldisháttum er lagður grunnur að varanlegri trúarlegri ímynd og hegðun. Þó vissulega megi finna dæmi um slíkt í svörunum. Frekar má ætla að skilgreiningar Damons (1988) á siðferðisþroska eigi betur við. Samkvæmt *Barnasáttmála Sameinuð þjóðanna* er það foreldra að ákveða hvernig

trúaruppeldi barnið fær – það er á þeirra forræði. Leikskólanum er ætlað að styðja við foreldrana en ekki að taka af þeim valdið. Það er líka alveg ljóst að þeir sem játa sömu trú, eins og kristna trú, deila ekki endilega sömu sýn á lífið og tilveruna. Þannig má telja að þeir prestar eða starfsmenn safnaða sem koma inn í leikskólana hafi ekki endilega sömu skoðun á því hvernig skilgreina eigi kristilegt siðgæði, eða í hverju trú felst og hvernig skuli boða eða fræða um hana. Með því að afhenda kirkjunni þennan þátt í leikskólauppeldinu er líka verið að afhenda þá aðferð og sýn sem fylgt er. Það er vert að velta fyrir sér hvort leikskólakennarar ræði til dæmis við fulltrúa safnaða um þá lífssýn sem þeir eru að boða eða skilning þeirra á hugtakinu kristilegt siðgæði. Má minna á að verulegur munur er á afstöðu hinna ýmsu guðfræðinga á hvort í raun sé til einhver sérstök kristileg siðfræði og hvað felist í kristilegu siðferði (sjá til dæmi Bexell og Grenholm 1997/2001).

Á sínum tíma, þegar útsendingar á morgunsjónvarpi fyrir börn hófust virðist sem Þjóðkirkjan hafi þurft að láta í minni pokann – hafi „tapað” börnunum. Þetta hafi leitt til þess að hún fór að skoða hvar og hvernig væri best að ná til þeirra á nýjan leik. Leikskólinn var og er augljós kostur, staður þar sem skiljanlegt er að kirkjan reyni að festa sig í sessi. En á hinn bóginn er hægt að velta fyrir sér hvort leikskólinn ætli að opna dyr sínar fyrir alla sem þangað vilja sækja og telja sig eiga „rétt” til þess? Hvort það geti talist góð vinnubrögð í leikskóla? Hafi leikskólastjóri til dæmis góða vissu fyrir því að nær öll börnin í leikskólanum séu skráð í íþróttafélagið KR, er þá sjálfgefið að KR fái að senda inn þjálfara á tíma leikskólans? Þegar unglingur fermist inn í Þjóðkirkjuna er hann þá samtímis að heita henni eða málstað hennar stuðningi í framtíðinni sem opinber starfsmaður? Að ákveða að einkasjálfið og vinnusjálfið verði eitt og hið sama? Er almennur vilji fyrir að fólk tengi saman veru sína í trúfélögum við ákvarðanir í starfi?

„Sá veldur miklu sem upphafinu veldur” segir gamalt máltæki. Rannsóknir sem vitnað er til hér að framan (Niemi og Junn 1998; Damon 1988; Fowler í Sigurður Pálsson 2001) benda allar í þá átt að hægt sé að móta lýðræðislega, siðferðislega og trúarlega hegðun barna, ef snemma og markvisst er hugað að því í lífi þeirra. Ef þessar rannsóknir eru teknar trúanlegar bera leikskólakennarar mikla ábyrgð. Ábyrgð á að móta þau siðferðisviðmið barna bæði núna og í framtíðinni.

Samkvæmt þessari rannsókn eru meirihluti leikskólastjóra á því að ekki eigi að vera formlega tengsl við kirkjuna (69%). Þrátt fyrir að meirihluti leikskóla fari með börnin til kirkju á

aðventu (75%). Það er jafnframt athyglivert hversu algengt það er að leikskólastjórar viti ekki úr hvaða trúfélögum börnin eru (37%). Styður þetta þá skoðun sem hefur verið viðruð að framan að samskipti leikskóla við kirkjuna sé hluti af menningaruppeldi. Að því hlutverki leikskólans að kynna börnum þær stofnanir sem eru í nærumhverfi þeirra eins og kveðið er á um í *Aðalnámskrá leikskóla*. Það er ekki hægt að kynna kirkjur fyrir börnum öðruvísi en að kynna þá starfsemi sem þar fer fram. Glöggt dæmi um slíkt má finna í verkefninu *Bær í barnsaugum* (Sigríður Síta Pétursdóttir 2004b; 2005) en þar er greint frá því hvernig börn í leikskólanum Krógabóli á Akureyri kynntu sér starfsemi kirkna á Akureyri og unnu síðan tengd verkefni. Verkefnin byggðust bæði á menningararfi kirkjunnar og þeirri starfsemi sem þar fer fram. Dæmi um verkefni barnanna mátti sjá á sýningu á Glerártorgi í júní 2004. Í Morgunblaðinu þann 11. september 2005 er viðtal við Fríðu B. Jónsdóttir fyrrverandi aðstoðarleikskólastjóra í leikskólanum Lækjaborg í Reykjavík, þar sem hún greinir frá því að hluti af því að vera fjölmenningskóli sé að viðurkenna hefðir og menningu barnanna, finna það sem sameinar, og meðal annars þess vegna hefur verið haldið bæði upp á jól og lok Ramadan í leikskólanum (sjá Anna G. Ólafsdóttir 2005). Þetta eru dæmi um verkefni sem hægt er að tengja því hlutverki leikskólans að eiga samvinnu við heimilin og bera virðingu fyrir menningu og bakgrunni barnanna. Á sama tíma fellur það bæði að stjórnarskránni og þeim alþjóðasáttmálum sem Ísland hefur undirgengist.

Á Íslandi hafa jólin og ýmsar hefðir tengdar þeim skipað stóran sess í vitund flestra. Íslenskir jólasíðir eru hluti þeirrar menningararfleiðar sem okkur ber að varðveita. Þetta eru síðir sem eru bæði heiðnir og kristnir en sem móta að hluta þjóðarvitundina. Það kom því ekki á óvart að jólasöngvar sem tengjast heiðnum síð virðast nær undantekningarlaust sungnir í leikskólum landsins og jafnvel meira en jólasálmar eins og *Bjart er yfir Betlehem*. Fram kom að í flestum leikskólum er rætt við börnin um tilgang jóla, og víða taka börnin þátt í að setja upp helgileiki í kirkjum. Leikskólakennara virðast því vel treyst sér til að sinna þeim þætti þó fræðsla um páska virðist flækjast fyrir bæði leikskólakennurum og fulltrúum safnaða.

9. Leikskólakennarar og trúmála

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir viðtalsrannsókn sem ég vann á meðal starfandi leikskólakennara og laut m.a. að þeirra eigin skilningi á siðferðislegu uppeldi. Ég hef ekki lokið við að greina öll viðtölin sem ég tók (við 8 leikskólakennara) og bíða þau lokaskýrslunnar. Í kaflanum er greiningu á þremur viðtölum gerð skil.

9.1 Rannsóknarspurningar

Hvernig skilgreina leikskólakennarar trúaruppeldi og siðferði (siðgæði) og hverskonar starfsháttum telja þeir sig beita til að vinna með þessa þætti? Hvernig starfshættir og vinnubrögð telja leikskólakennarar að styðji við og efla siðferðisþroska barna? Hvaða viðhorf hafa þeir til samskipta og tengsla við Þjóðkirkjuna?

9.2 Rannsóknarsnið

Snið rannsóknarinnar er sveigjanlegt (eins og því er líst í Robson 2002, bls. 163-177). Ég er á ferðalagi á milli mismunandi stiga rannsóknarinnar, frá rannsóknarspurningu til gagna til fræðanna, og svo endurtek ég þessi skref á mismundi vegu. Á þessu ferðalagi hef ég farið í gegnum lýsingar og skilgreiningar Crotty (2004) til að finna þau kenniviðmið sem mér líður vel með. Ég finn að ég á erfitt með að staðsetja mig á einhvern einn stað. Ég sé t.d. sterka samsömun milli þess hvernig ég túlka gögnin mín við hugmyndir Webers um fyrirmyndirnar (Alvarson og Sköldberg 2000) og þess að nota samanburðarfræði til að finna „sannleikann“. Á hinn bóginn á ég svolítið erfitt með þá hugmynd að það sé bara einn sannleikur til og að hann sé fyrirmyndin. Gengur það viðhorf í raun gegn ýmsum af þeim fræðimönnum sem ég annars styðst við. Meðal þeirra eru Dahlberg og Moss, sem afneita því að til sé einn sannleikur eða algilt siðferðisviðmið byggt á einum sannleika um hvað sé rétt og hvað rangt. Þrátt fyrir þessa varnagla ákvað ég að nota hugmyndir Webers um fyrirmyndirnar. Ætlun mín er að bera saman svör þátttakenda við ákveðnar hugmyndir um siðferði. Ekki með það að markmiði að fella dóma um hvað sér rétt og hvað sé rangt, heldur til að sjá hvernig svör þeirra endurspeglu hvað er talið vera siðferðilegt og kristið uppeldi í íslensku leikskólasamhengi. Því er hægt að halda því fram að hugtakarammi byggður á hugmyndum Webers hafi haft áhrif á rannsóknarsniðið og aðferðafræðina.

Takmarkanir þessarar rannsóknar felst í að ekki er hægt (og er ekki ætlunin) að alhæfa svör þátttakenda minna á alla leikskólakennara.

9.3 Þátttakendur

Ég valdi að beita ásetningaraðferð við val á þátttakendum. Í kaflanum geri ég grein fyrir viðtölum við þrjá leikskólakennara (hef þegar, eins og fram er komið, tekið fleiri viðtöl). Til að finna þátttakendur í þennan hluta rannsóknarinnar hringdi ég í nokkra leikskóla í mismunandi borgarhverfum í Reykjavík. Ég sagði viðkomandi leikskólastjóra frá rannsókninni og spurði hvort hann væri viljugur til að biðja leikskólakennara að gefa sig fram við mig til viðtals. Í öllum skólunum hafði kirkjan óskað eftir samstarfi. Þegar ég valdi leikskólana vissi ég ekki að þeir skólar sem leitaði til í þessari fyrstu atrennu hefðu allir hafnað samstarfi. Næsta skref var því að finna skóla sem eru í samstarfi, en ekki er gerð grein fyrir þeim viðtölum í þessari skýrslu. Annað viðmið var að ég vildi að leikskólakennararnir væru á mismunandi aldri og gegndu mismundi stöðum innan leikskólans.

Ég bauð öllum þátttakendum að velja stað til að hittast á; í fundarherbergi í KHÍ eða á vinnustað þeirra. Allir völdu að hitta mig í leikskólanum. Ég gef öllum þátttakendum gervinöfn. Þær konur sem koma fram í þessum hluta rannsóknarinnar nefni ég Elsu, Agnesi og Rún. Þegar viðtölin áttu sér stað var Agnes 43 ára, en hún útskrifaðist úr Fósturskóla Íslands seint á níunda áratugnum, er gift, á fjögur börn og sækir kirkju reglulega. Elsa er 27 ára og brautskráðist rétt eftir nýliðin aldamót frá KHÍ, er í giftingarhugleiðingum, á ekki börn og sækir ekki kirkju reglulega, en lítur á sig sem trúaða konu. Rún er komin vel á sextugsaldurinn, er leikskólastjóri og útskrifaðist snemma á áttunda áratugnum. Hún á þrjú börn og nokkur barnabörn og telur sig trúlausa í kristnum skilningi.

9.4 Gagnaöflun og úrvinnsla

Gagna var aflað með viðtölum sem öll tóku hvert um klukkutíma. Viðtölin voru hálfopin; ég hafði sett niður spurningar (sjá fylgiskjal 1) sem ég studdist við, en leyfði viðtölunum að þróast í þá átt sem þátttakendur tóku mig (Kvale 1996). Þó með því fororði að ég reyndi að koma öllum mínum spurningum að – en kannski ekki endilega í ákveðinni röð eða að ég gerði tilraun til að setja þær í samhengi við umræðuna á hverjum tíma. Spurningarnar spruttu frá *Aðalnámskrá leikskóla* og frá kenningum og fræðum sem ég hafði verið að lesa. Ég byrjaði öll viðtölin á spurningunni hvað viðkomandi teldi vera markmið leikskólauppeldis. Ætlun mín var að nota þá spurningu sem stökkbretti inn í spurningar og umræður um t.d. siðferði sem ég vildi komast yfir. Viðtölin fóru fram í júní 2005 og voru afrituð orð fyrir orð. Ég marglas yfir viðtölin til að sjá og finna þemu og stef sem tengdust þeim kenningarlega bakgrunni sem ég

lagði upp með. Mér til hjálpar við að halda utan um og greina gögnin nýtti ég gagnavinnsluforritið Nvivo. Ég byrjaði á að kóða svörin frjálst og síðar fór ég í gegnum þann texta sem ég hafði kóðað og endurkóðaði. Með þessu móti gat hluti af textanum fallið undir mörg kóð og fleiri þemu komu í ljós. Hér verður aðeins gerð grein fyrir völdum hluta þeirra, þ.e. eigin trú, siðferði, virðing og trúarlegu uppeldi.

9.4.1 Eigin trú

Eitt af því sem ég velti fyrir mér var hvort eigin trúarlegar áherslur hafi áhrif á viðhorf þátttakenda minna til trúarlegs uppeldis og kristilegs siðgæðis. Þær Agnes og Elsa telja sig vera trúaðar og að trúin skipti máli í þeirra lífi. Segjast hafa sína barnatrú. Í báðum tilfellum er það amma þeirra sem hefur haft mikil trúarleg áhrif á þær. Agnes segir að báðar ömmur hennar og afar hafi verið trúuð hjá annarri ömmunni voru oft haldnar heimasamkomur og hún lærði að leita í biblíunni, en hún hafi líka átt:

afa og ömmu sem að var ... sveitafólk þar sem var jú alltaf beðið, það var svona barnatrúin. Þannig að ég sá alveg muninn á þessu þú veist að vera að læra að fara með bænir á kvöldin og bara Guð blessi þig og farðu varlega og farðu í Guðs friði, eitthvað þetta gamla íslenska ... en ég veit alveg hvenær þetta getur farið of langt líka.

Hluti af því sem Agnes lærði hjá ömmu í sveitinni var að signa börn. Hún telur það trúaruppeldi sem hún fékk þar vera hluti af gamalli íslenskri menningu. Agnes fer með sín börn í sunnudagaskóla og tekur þátt í kirkjustarfi í gegnum þau, hún segist hafa mikla ánægju af því og segir „þetta er bara svo skemmtilegt samfélag”. Elsa segist hafa farið mikið í kirkju sem barn með ömmu sinni en gefi sér ekki tíma til þess lengur. Nýlega ræddi hún við prest í sambandi við eigin giftingu og sagði:

mér leið svo ótrúlega vel eftir að við vorum búin að tala við hann að við vorum bæði eitthvað svona, þetta var eitthvað svo raunverulegt. En sorglegt að maður gefi þessu ekki tíma að fara í kirkju, það er oftast bara tengt einmitt jólnum og fermingum sem maður fer.

Rún segist stundum öfunda fólk sem eigi trúarvissu og heldur að lífið geti verið þeim auðveldara og jafnvel líka skemmtilegra. Hún segist ekki hafa hlotið mikið trúarlegt uppeldi

sjálf, móðir hennar hafi reynt að kenna henni bænir, ekki vegna þess að hún teldi þær skipta máli, heldur vegna þess að önnur börn kunnu þær og henni fannst hún ekki getað verið þekkt fyrir annað. Rún segir og að mamma hennar hafi verið upptekin af andlegum málefnum, enda verið spíritisti. Hún segist ekki vera á móti trú en vera á móti mörgu sem er gert í nafni trúarinnar og því siðleysi sem henni finnst fylgja. Hún segir: „Til dæmis kaþólska kirkjan er mjög áberandi í því ... ég meina að leggja sínu helstu peninga í vopnafabrickurnar að banna smokka og pillu í löndum sem eyðni er að drepa heiminn”.

Rún segir að stundum fái hún smá aðkenningu að samviskubiti yfir að hafa ekki kennt sínum börnum bænir en segir aftur að sonur hennar hafi ávalt beðið hana að syngja sama lagið þegar hann var lagstur á koddann.

Mamma syngdu ástin mín og það var bara *Sofðu unga ástin mín*, það var hans bæn. Það var ekki bara ég held að bara þetta orð ... *Sofðu unga ástin mín* ... það var svo fallett að það dugar honum, ... þetta var hans fyrirgefning yfir daginn í rauninni hann er að biðja um hana á einhvern hátt.

Hún sagðist hafa velt þessu fyrir sé og komist að þeirri niðurstöðu að það skipti ekki máli hvort þetta var *Sofðu unga ástin mín* eða *Leiddu mína litlu hönd* eða *Ljúfi Jesús*. Má draga þá ályktun að það hafi verið ritúalið sem skipti máli en ekki innihaldið.

9.4.2 Siðgæði

Eitt meginmarkmið leikskólauppeldis er að efla kristilegt siðgæði barna. En hvernig skilgreina leikskólakennarar siðgæði? Að viðkomandi sé samkvæmur sjálfum sér og að gera ekki neinum neitt sem þú vilt ekki láta gera þér, eða eins og Agnes segir: „Ef maður hugsar það mjög vítt og hérna já það snýst um að segja ekki eitt og gera annað. Maður sé trúr sjálfum sér og sínum, og maður misbjóði ekki öðrum hvorki með reglum eða ... geri grín að öðrum.” Siðgæði snúist um virðingu. Góð manneskja talar vel um aðra og kemur vel fram. Raunar vitna þær allar á einhvern hátt í biblíuna og fara með gullnu regluna á einhvern hátt. Það er þú skalt ekki gjöra öðrum það sem þú vilt ekki að þeir gjöri þér. Aðspurðar töldu þær almennt ekki vera mun á því sem nefnist kristilegt siðgæði og siðgæði. Töldu þær í ljósi þess að þjóðin er að verða fjölmenningslegri þá ætti að fella setninguna um hugtakið kristilegt fyrir framan siðgæði úr lögum um leikskóla. Því eins og Agnes segir: „Ég held að þetta gæti truflað, mér finnst alveg óþarfi að við séum með lagabókstaf sem að truflar kannski einhverja þegna, sem að vilja nota þjónustuna okkar”. Hluti af góðu siðgæði er líka að allir finni að þeir séu

velkomnir „teknir inni samfélagið [hvort] svo að þeir séu frá Íslandi eða Víetnam ... ég held að það sé mjög mikilvægt” segir Elsa.

Rún telur siðgæði vera sjálfstætt og ekkert að hafa með trú að gera. Að grundvallaratriði í siðabodskap hinna ýmsu trúarbragða séu í raun þau sömu. Hún telur söguna sýna að við ýmsar aðstæður hverfi öll boð og bönn um rétta breytni í nafni trúarbragða. Trúarbrögð séu í raun oft notuð sem yfirvarp yfir eitthvað annað.

9.4.3 Virðing

Aðspurðar um hvert meginmarkmið leikskólauppeldis eigi að vera segist Agnes vilja sjá glaða, sjálfsörugga einstaklinga sem bera virðingu fyrir sér og umhverfi sínu. Elsa er sömu skoðunar og hún bætir við að áherslan sé líka á að börnin séu félagslynd, opin, ánægð og skemmtileg. En líka sé mikilvægt að þau læri að treysta sjálfum sér, séu ekki alltaf að treysta á aðra. Hún bætir við að henni finnist mikilvægt að þau séu fær um að hlusta á sjálf sig. Það sé líka hlutverk leikskólans að koma á mótis við hvern einstakling Rún telur aðalmarkmiðið að kenna börnum góð samskipti. Hún telur reyndar góð samskipti vera lykil að öllu samstarfi hvort sem er innan leikskólans eða við foreldra. Þetta sé sameiginlegt hlutverk sem báðir verði að leggja sig fram um. Ef til dæmis foreldrum mislíkar einhver starfsmaður smitar það út til barnanna. Hún segir: „Þegar foreldrar sitja og tala illa um starfsfólk og kennara með barninu. Þetta kalla ég að kenna barni tortryggni og slæm samskipti og óvirðingu ég kalla þetta bara að þetta sé kennsla í því“.

Hugtakið virðing kom töluvert fram. Að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum var öllum hugleikið. Agnes segir þær leggja áherslu á að börnin læri að láta ekki ganga yfir sig og gangi þar af leiðandi ekki yfir aðra. Önnur atriði snerta virðingu fyrir einstaklingnum, fyrir umhverfinu og því sem verið er að gera á hverjum tíma í leikskólanum. Aðspurðar um vinnubrögð sem stuðla að því að börn beri virðingu nefna þær dæmi um að það skipti máli hvernig hlutirnir eru sagðir, að vera jákvæðar, og að tala með gleðitón í röddinni. Ekki vera að stöðugt að nöldra og nagga.

Ákveðin vinnubrögð eru talin skipta máli þannig að börn finni að virðing sé borin fyrir þeim. Sem dæmi nefnir Elsa að jákvætt viðmót skipti máli og þau finni það um leið og þau mæta á morgnana að þau eru velkomin á þennan stað og að á þau sé hlustað. Almennt fái „þau ... tækifæri að segja sína skoðun og hvað þau vilja og hvernig þeim líði.” Hún telur að ef það er

gert „þá einhvern veginn ... þá geisla þau meira, ef þau finna að þau eru mikilvæg ...ef þeim er gefinn tími til að tala .”

Agnes ræðir um mikilvægi þess að hvert barn læri að gæta að sjálfu sér. Sem dæmi segist hún nota það að börnin verði að passa sig:

Því ef að ég passa mig ekki, þá kannski verður hann leiður sá sem er við hliðina á mér. Því það er verið að ryðjast inná hans pláss eða þannig að mér finnst svona ef þau ná þessu að maður geti minnt á að passa sig og allir að passa sig núna ... ef maður er að horfa á einhverja samverustund, þá fara hendurnar nær og fætturnir koma kannski nær og fara að pota í tærnar á næsta og sumir kannski þola alls ekki að láta pota í sig.

Þegar Elsa er spurð um munninn á hlýðni og virðingu svarar hún.

Hlýðnin og bara að fara eftir reglum ... er eitthvað annað en virðingin ... því að virðingin er meira einstaklingurinn sjálfur heldur en eitthvað, svo auðvitað eru reglur og [þú] átt að fara eftir reglum en þú getur náttúrulega alltaf einhvers staðar á leiðinni gleymt reglum í hita leiksins ... þá virðirðu samt þitt samstarfs fólk. Eða starfsfólk eða börn.

Agnesi finnst ákveðið virðingarleysi gagnvart börnum birtast í að hlusta ekki á þau. Sem dæmi um slíkt nefnir hún matartíma þegar börn eru látin borða eða smakka eitthvað sem þau augljóslega geti ekki. Hún kærir sig ekki um að börnin beri það sem hún kallar óttablandna virðingu fyrir fullorðnum. Agnes telur mikilvægt að nota viðurkenningu í samskiptum að til dæmis viðurkenna ef þau vilja ekki eitthvað eða finnst eitthvað vont. Þessi viðurkenning felst að hennar mati í því að hlusta og viðurkenna það sem þeim finnst. Jafnvel þegar ætlunin sé stjórna börnunum inn í eitthvað verði starfsfólkið að heyra hvað þau eru að segja. Agnes segist beita því sem aðferð að láta fullorðna inn í það sem hún kallar barnaaðstæður, telur hún þetta áhrifaríka leið. Sem dæmi segist hún stundum segja við starfsfólkið:

Stelpur mynduð þið, ... ef að Elfa [leikskólastjórinn] sæti alltaf hérna inn á kaffistofu, og segði nei nú mátt þú tala [hækkar röddina], haf þú hljóð, sittu kyrr á meðan þessi er að tala og ýmislegt þannig. ... tek þær og set þær á kaffistofuna. Mynduð þið vilja það?

Segja má að hluti af virðingunni felist í ákveðinni sýn á barnið. Elsu finnst til að mynda mikilvægt að börnin „læra að takast á við vandamálin þau mega ekki alltaf bara fá svörin upp í hendurnar“. Það pirrar Rún að stundum er virðing fyrir fullorðnum sett skörinni hærra en virðing börnum. Sem dæmi nefnir hún umsagnir og gagnrýni. Rún segir að fólki finnist ekki

neitt að því að gagnrýna og setja út á börnin en ef hún segði það sama við starfsfólkið missi fólk andlitið. Fólk finnst í lagi að segja eitt við börn en ef það sama er sagt við fullorðinn einstakling felist í því móðgun.

9.4.4 Trúaruppeldi

Í öllum leikskólunum eru leikskólastjórar sem hafa mjög sterkar skoðanir á samskiptum kirkju og leikskóla. Það kemur vel fram að það eru þær sem leggja línuna um hvernig tekið er á samskiptunum við kirkjuna jafnvel þannig að það hefur valdið núning í starfinu í leikskólanum. Eins og fram hefur komið höfnuðu allir leikskólarnir því að fá heimsókn frá söfnuði inn í leikskólann. Formleg samskipti við kirkjuna eru því fremur lítil. Í tveimur þeirra er farið með börnin í heimsókn fyrir jól en í þeim þriðja er það ekki gert. Í einum þeirra segir leikskólakennari frá því að eftir að sjálfsvíg áttu sér stað í fjölskyldum sem tengdust leikskólanum, hafi þær fengið prest til að ræða við starfsfólkið, haft stund í kirkjunni. Taldi viðkomandi að þetta hlutverk væri mikilvægt og taldi það af öðrum toga en til dæmis heimsóknir presta til barna.

Trúaruppeldi er hlutverk foreldranna; það er sameignlegt mat viðmælenda minna. Rún segir að þrátt fyrir að leikskólarnir séu að taka margt að sér sé trúaruppeldið hlutverk foreldranna og ef kristnir foreldrar telja sig þurfa aðstoð geti þeir farið í sunnudagaskólann. Henni finnst það samband sem skapast á milli foreldra og barna við bænastundir á kvöldin vera persónulegt samband. Sjálf segist hún ekkert fara á límingunum þótt hennar börn þyrftu að fara með bænir í skólanum en þetta sé fyrst og fremst hlutverk foreldra.

Agnes er þessu sammála og telur að ef foreldrar séu að sækjast eftir þessu geti þeir farið með börnin sín í leikskóla sem eru reknir á trúarlegum forsendum. Þegar þeir sækja um borgarleikskóla séu þeir ekki að sækjast eftir þessu sérstaklega. Auðvitað slæðist inn einn og einn trúarlegur söngur, til dæmis þegar börnin eru að syngja óskalög, en það sé á öðrum forsendum. Elsa segir aftur á móti að þegar börn vilji syngja sunnudagaskólalög reyni þær að telja barnið ofan af því. Allir textar sem hafa tilvísanir í trúarbrögð eru almennt útilokaðir nema í kringum jól.

Í leikskólunum er haldið upp á jól með einum eða öðrum hætti og jólasálmar sungnir og er það talið vera hluti af íslenskri menningu. Í máli allra kom fram að það, að halda upp á jól, sé

hluti af íslenskri menningu frekar en að það sé trúarleg athöfn. Jafnvel að fara í kirkju á aðventu sé þannig frekar menningarlegt en trúarlegt, eða eins og Agnes orðar það:

Ég horfi, þetta er nefnilega ákveðin menning að fara í kirkjuna. Við förum orðið með tvo elstu árgangana í kirkjuna ... þetta er hluti af menningunni. Þetta er svona það sem við gerum á aðventunni, stór hluti barna og já stór hluti af okkar þjóð gerir það að mér finnst alveg ástæðulaust ... allavega í dag að taka það út.

Rún segir frá því að í hennar hverfi hafi verið kallaður saman fundur með leikskólastjórum og nokkrum prestum til að ræða heimsóknir frá kirkjunni í leikskólana. Þar hafi prestarnir haldið því fram að vegna þess að flest börnin séu skírð og verði næstum öll fermd eigi barnið rétt á að prestarnir komi inn í leikskólana. Hún segist hafa staðið upp og sagt að þetta væri ekki gert á hennar leikskóla og ekki verða gert í framtíðinni. Sagði að:

Mér finnst þið tala þannig að ég eigi að fá samviskubit yfir þessu og en ég fæ það ekki, ... er mjög sátt ... við teljum okkur vinna mikið með siðgæði án þess að þið blandið ykkur þar inni plús það að við erum náttúrulega með fullt af útlendingum.

Einn leikskólastjóri hafi síðan spurt hvort að viðkomandi prestar vissu eitthvað hvernig og hvaða uppeldi ætti sér stað í leikskólunum, hvort að þeir hefðu til dæmis kynnt sér skólanámskrár viðkomandi leikskóla. Segir Rún að verulega hafi komið á prestana við þetta. Henni finnst líka erfitt að senda þau börn fram, sem ekki eiga að vera í þessum trúarstundum, að gera eitthvað annað á meðan, finnst að í því felist ákveðin útilokun. Hún telur líka að ef það ætti að fara gefa trúarlegu uppeldi hvers og eins vægi og tíma í leikskólauppeldinu þyrfti eitthvað annað að víkja og hún er ekki tilbúin til þess.

9.5 Umræða

Viðhorf þátttakenda minna til hlutverks trúarlegs uppeldis í leikskólum virðist vera mjög svipað. Allir deila þeir þeirri sýn að trúarlegt uppeldi sé hlutverk og á ábyrgð foreldra en ekki leikskólans. Má því segja að þeir séu ekki tilbúnar til að taka að sér eða samþykkja það hlutverk sem menntavæðingin er annars að leggja þeim á herðar. Þeirra eigin trú skipti ekki máli í þessu sambandi.

Leikskólakennararnir virðast líta á það trúarlega uppeldi sem á sér stað í leikskólanum sem hluta af því hlutverki sínu að varðveita íslenska menningararfleið, fremur en að þeir leggi í

Það trúarlega merkingu. Að heimsækja kirkjur og að halda upp á jól byggir fremur á hefð en trúarlegum gildum.

Þegar leikskólakennarar voru beðnir um að skilgreina hugtakið *kristilegt siðgæði*, komu mjög yfirborðslegar skýringar. *Gullna reglan* virtist vera þráður eða stef sem allir gátu verið sammála um. „Segir allt sem segja þarf“. Jafnframt má finna tengingu við *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla* frá 1985, þar sem siðferði er m.a. skilgreint sem ábyrg umhyggja, og er þá átt við umhyggju fyrir börnum. Leikskólakennararnir áttu auðveldara með að skýra hvað þeir áttu við ef þeir gátu gert það með lýsingu á starfsháttum og vinnubrögðum. Má telja að hér sé um falda þekkingu að ræða sem getur verið erfitt að orða.

Ég er ekki viss um að þátttakendur mínir skilji í raun muninn á „kristilegu“ siðgæði (siðferði) og „öðru“ siðgæði. Þetta er ekki sagt til að gera lítið úr þeim, heldur til að benda á að þeir nefna aldrei *Guðlega forsjón* eða æðri máttarvöld í skilgreiningum eða umfjöllun sinni. Sem telja verður samkvæmt öllum fræðum að sé grundvöllur hins kristilega siðgæðis. Á hinn bóginn nota leikskólakennararnir ábyrga umönnun og ábyrga siðfræði sem leiðarljós að siðferðislegum ákvörðunum. Þeir eru mjög uppteknir af hugtakinu virðing og að við ættum öll að virða hvort annað. Hægt er að segja að þeir trú í því innilega að hvert og eitt okkar skuli gæta „bróður síns“. Bæði fullorðnir og börn í leikskólanum eru og bera ábyrgð á hvort öðru sem sjálfu sér.

Það er líka áhugavert að þegar þátttakendur voru beðnir um að skilgreina hugtakið kristilegt siðgæði, þá orðuðu allir *Gullnu regluna* á einn eða annan hátt. *Gullna reglan* virðist á sinn hátt ganga eins og rauður þráður í gegnum svör þeirra. Það kemur fram hjá Agnesi þegar hún biður starfsfólk að setja sig í spor barnanna og finna hvernig er að láta koma fram við sig eins og dauðan hlut. Sama má segja um Rún þegar hún fjallar um hvað sé ásættanlegt að segja við börn annarsvegar og fullorðna hinsvegar, fólki finnist í lagi að segja eitt við börn en ef það sama er sagt við fullorðinn einstakling felist í því móðgun. Telja má að þegar Rún segir frá því að presturinn hafi ekki haft áhuga á námskrá leikskólans sé það afleiðsla af *Gullnu reglunni*. Mætti útleggja þetta einhverveginn svona: Þú kemur til okkar og biður okkur um að opna dyr okkar fyrir þér, en ert ekki tilbúinn til að hlusta á hvað við erum að gera.

Þegar leikskólakennararnir útskýra hvernig þeir, í gegnum vinnu sína, ýta undir og styðja við siðferðilegt atferli, þá gefa þeir dæmi um hvernig í raunveruleikanum lífað er eftir *Gullnu*

reglunni. Má jafnvel segja að þeir líti á menntun sem aðstæður þar sem siðferðislegt uppeldi á sér stað fremur en að það sé staður þar sem siðferði er skilið. Leiðir til að ná þessu fram eru að leggja áherslu á hlustun, að sýna öðrum skilning og nærfærni, að setja sjálfan sig í annarra manna spor og leggja áherslu á mikilvægi tengsla og samskipta.

Sjálf hugleiði ég hvort leikskólakennarar séu feimnir gagnvart trúarlegu uppeldi og ef svo er þá hvers vegna. Skýringar geta verið margskonar, ein sú að efninu hefur verið veitt lítil athygli í námi leikskólakennara, önnur að þar til nýlega hafa trúmál verið álitin einkamál hvers og eins. Má e.t.v. að hluta rekja það viðhorf til Lúterskra viðhorfa þar sem hver einstaklingur er að lokum ábyrgur fyrir eigin trúarlífi. Umræðan um trú hefur verið að aukast í íslensku samfélagi og má þar nefna umræðuna um vinaleið Þjóðkirkjunnar í grunnskólum og þá andstöðu sem hún hefur fengið opinberlega og um stöðu samkynhneigðra innan kirkjunnar og fleira mætti telja til. Vonandi heldur þessi umræða áfram og byggist á rökum og skynsemi fremur en tilfinningum.

10. Skipulagt samstarf við Þjóðkirkjuna - tilvik

Í þessum kafla verður gert grein fyrir samstarfi eins leikskóla og þjóðkirkjunnar frá sjónarhóli starfsfólks leikskólans. Þau gögn sem ég hef frá öðrum leikskólum þar sem samstarf er við kirkjuna hníga í sömu átt. Virðist sem kirkjan hafi komið sér upp ákveðnu formi á heimsóknirnar og hafi ákveðin námsefnispakka. Á næsta stigi rannsóknarinnar er ætlunin að kanna það nánar. Meðal þess sem starfsfól nefnir gjarnan er brúða og söngvar. Ástæða þess að ég læt þessa lýsingu fylgja með áfangaskýrslunni er að ég tel að hún sé nokkuð góð lýsing á því sem fram fer í samverustundum safnaða inn í leikskólum. Ég tel líka að þar endurómi rök fyrir samstarfinu sem eru í takt við það sem ég hef í öðrum viðtölum.

Trúð þjóð

Í máli viðmælenda kom skýrt fram að rök fyrir heimsóknum frá sókninni byggist á því að því að Íslendingar eru trúuð þjóð, flestir séu í þjóðkirkjunni. Börn skaddist ekki af því að heyra frásagnir úr *Bibliunni* og seinna þegar þau hafi aldur til geti þau valið hvort þau fermast, því sé ekki verið að taka neitt val frá þeim. Segir ein til dæmis ekki alveg skilja hvaða hræðsla þetta sé, flestir hafi jú skrifað undir ákveðin samning við skír barnsins síns. Þær telja í sjálfu sér sig vera að fylgja skírnarsáttmálaunum efir. Það sjónarmið kom líka fram að með því að hafa helgistundir sé verið að kenna börnum á samfélagið, kirkjan sé ákveðið stofnun eða festir í samfélaginu.

Hluti af því að fá fólk frá kirkjunni er að kenna börnum um tilgang hátíða eins og jóla, að jólin séu ekki bara til þakanna vegna heldur fylgi ákveðin heimspeki. Ein bendir á að ekki sé gott að kenna börnum trúleysi, segir „mér finnst það ekki fallegt ... ekki trúa á neitt“

Hræðsla

Fram kemur að ákveðin hræðsla og feimni eru gagnvart því að ræða trúmál í skólum eða eins og ein segir „þessi lína er alltaf svo erfið í þessu sambandi ... og uppeldisstéttin í heild, leik- og grunnskólar við erum alveg skíthrædd við þetta“.

Hvað á að leggja áherslu á

Það sem leggja ber áherslu á úr kristinni er virðing fyrir manneskjunni að hver og einn fái að vera eins og hann vill. Að leikskólinn eigi að tileinka sér það kærleiksríka og góða, það geti til dæmis hjálpað til í samskiptum barnanna og styrkt sjálfsmynd þeirra. Telja viðkomandi að kristin trú sé falleg en eru samtímis leið yfir til dæmis afstöðu kirkjunnar til samkyhnheigðra.

Hvað gert í helgistund - guðfræðingurinn

Því er lýst fyrir mér hvað fer fram í helgistundinni. Fulltrúi safnaðarins mætir með brúðu, sem börnunum finnst „æðisleg“ hann segir sögur og syngur söngva eins *Jesús er besti vinur barnanna*. Í leikskólanum telja þær að hann tengi það sem hann er að gera við kristilegt siðgæði, til dæmis með því að ræða um að allir séu vinir. Um tíma töldu þær hann ganga aðeins of langt eða eins og ein segir: „vera of mikið kristilegt“. Segir hún þá að þau hafi gripið inn í og stýrt honum í vináttuna. Aðspurð um hvort bænir séu hluti af helgistundinni „hann lætur okkur bara loka augunum og segja bara góði Guð viltu passa pabba og mömmu og leikskólann og ... þú veist ... okkur“.

Þegar þær lýsa guðfræðingnum sem kemur segja þær að hann sé sérstaklega yndisleg manneskja sem er kærleiksríkur og svona umvefjandi manneskja, ofboðslega nærgætinn og umhyggjusamur í öllum samskiptum við börnin og hrósar þeim og finnst þau svo yndisleg ... þú veist hann getur ekki haft annað en góð áhrif. Hann er svo forvitin í sinni trú og líka gagnvart öðrum trúarbrögðum og gaman að spjalla við hann. Hann kemur hérna oft og spjallar við okkur. Hann er svo skemmtilegur líka við þau.

Að hætta við eða útiloka eitthvað

Í umræðunni kom upp hvort að til dæmis leikskólinn ætti að leggja eitthvað af sem hefur verið hluti af starfinu þar ef það er andstætt trúarbrögðum einhverra barna. Fannst flestum ekki eiga að gera það. Eða eins og eins segir:

Ef ég er Íslendingur og kæmi til Afríku eða eitthvað ... ég meina fólk er að koma hingað ... og það er að lifa og búa á Íslandi. Hér erum við með þessi trúarbrögð, hér borðum við svið og hér gerum við þetta og eigum við eitthvað bara að fara að bakka með okkar út af því að einhverjir aðrir eru að koma. Eigum við ekki líka að vera stolt af okkar.

Það sé mikilvægt að allir læri að bera virðingu fyrir öllum svo hægt sé að lifa í sátt og samlyndi, hluti af því sé að þeir sem hingað flytja verði að læra að bera virðingu fyrir okkar siðum og háttum.

Foreldrar

Helgistundir eru kynntar fyrir foreldrum á foreldrafundi á hausti í einum leikskóla. Kemur fram að flestir foreldrar eru sammála ákvörðun leikskólans. Í leikskólanum segjast þær líka benda foreldrum á að skírninga og hvað hún feli í sér. En jafnvel þó að foreldrar séu sjálfir utan

Þjóðkirkju hafa þeir viljað að börnin tækju þátt í helgistundunum. En það hefur komið fyrir að foreldrar eru ekki sammála. Leikskólastjóri lýsti samskiptum þannig:

Það var foreldri hérna sem ... sem að var ekki sammála þessu og kom og spjallaði við mig og ég ræddi bara við hann í rólegheitunum og hann ákvað að leggja þetta upp í okkar hendur. Þannig að við ákváðum að hafa ákveðin vísir í þessu og hann bara ákvað að treysta okkur fyrir þessu

Önnur segist ekki telja það brot á trúfrelsisákvæðinu að hafa helgistundir jafnvel fyrir börn foreldra utan þjóðkirkju, þessir foreldrar hafi valið að treysta leikskólanum líka fyrir þessum þætti í uppeldinu. Enda sé varla hægt að heilapvo börn með svona mánaðarlegri heimsókn.

Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla* (1989). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá leikskóla*. (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Alvesson, M. and Sköldberg, K. (2000). *Reflexive methodology: New vistas for qualitative research*. London: Sage Publication.
- Anna Ólafsdóttir. (2005, 11. september.). Fjölmenningunni tekið höndum tveim. *Morgunblaðið*.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna*. Lög nr. 18/1992.
- Bexell G. og Grenholm C., H. (1997/2001). Siðfræði af sjónarhóli guðfræði og heimspeki. (Aðalsteinn Davíðsson þýddi Reykjavík: Skálholtsútgáfan. (Upphaflega gefið út 1997).
- Campbell. E. (2003). *The ethical teacher*. Maidenhead: Open university press.
- Crotty, M. (2004). *The foundations of social research. Meaning and perspective in the reasearch process*. London: Sage Publication.
- Dahlberg, G. and Moss, P. (2005). *Ethics and politics in early childhood education*. London: Routledge/Falmer.
- Damon, W. (1988). *The Moral Child: Nuturing childrens natural moral growth*. London: The Free press.
- Donaldson, M. (1978). *Childrens mind*. London: Fontana.
- Edgoose, J. (1997). An Ethics of Hesitant Learning: The Caring Justice of Levinas and Derrida. *Philosophy of Education yearbook*.
- Fowler, J. (2004). Faith development at 30: Naming the challenges of fatih in new millenium. *Religious Education*, 99/4 bls 405 - 421.
- Fræðslustefna Þjóðkirkjunnar*. (2004). Á vef þjóðkirkjunnar www.kirkjan.is
- Gallup (2004). Trúarlíf Íslendinga: viðhorfsrannsókn, febrúar mars 2004. Til birtingar á neti: http://kirkjan.is/skjol/truarlif_islendinga_2004.pdf
- Harms, T., Cryes, D., and Clifford, R. (2004). *Early childhood environment rating scale* (Ecers-R). New York: Teachers College Press.
- Jakob Hjálmarsson og Hjálmar Jónsson. *Bréf dagsett 5. apríl 2002 til Leikskólaráðs Reykjavíkur*. [Stimplað inn í skjalasafn Leikskóla Reykjavík 8. apríl 2002]
- Kristján Kristjánsson. (2001). Lífsleikni í skólum: Saga, forsendur, flokkun, vörn“, *Uppeldi og menntun*, 10, bls. 81-104.
- Kvale, S. (1996). *Interviews: An introduction to qualitative research interviewing*. Thousand Oaks: Sage.
- Leikskólinn Arnarsmári. (2004). *Um þróunar og nýbreytnistarf leikskólans*. http://leikskolar.kopavogur.is/displayer.asp?cat_id=139
- Leikskólinn Lundarsel. (2001). *Íslenskar barnabókmenntir og þjóðsögur sem uppspretta heimspekilegrar samræðu meðal leikskólabarna: Þróunarverkefni Leikskólans Lundarsels 1999-2001*. Akureyri: Leikskólinn Lundarsel.
- Lög um leikskóla*. (1994/78).
- Lög um Mannréttindasáttmála Evrópu*. nr. 62/1994.
- Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna*. Lög nr 14/1968.
- Menntamálaráðuneytið. (2006). Starfsemi leikskóla. starfsmannahald, námskrá og mat : samantekt úr könnun menntamálaráðuneytis 2006. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Niemi, R. og Junn, J. (1998). *Civic education: What makes student learn*. New Haven: Yale University Press.
- Robson, C. (2002). *Real world Research. Second edition*. Malden. Blackwell publishing
- Sigurjón Mýrdal. (2005). *Bréf dagsett þann 25. september 2005 til höfundar*
- Sigríður Síta Pétursdóttir (2004a). *Það þarf að koma frá hjartanu, lokaskýrsla um þróunarverkefni um lífsleikni*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Sigríður Síta Pétursdóttir (2004b) *Bær í barnsaugum: að beina sjónum að menningu barna. Skýrsla um sameiginlegt verkefni leikskóla Akureyrar, skóladeildar Akureyrar og skólaþróunarviðs HA.* Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Sigríður Síta Pétursdóttir. (2005). *Bær í barnsaugum - að beina sjónum að menningu barna. Netla.*

Sigurður Pálsson. (2001). *Börn og trú af sjónarhóli sálarfræði, uppeldisfræði og guðfræði.* Reykjavík: Skálholtsútgáfan.

Skýrsla starfshóps um kirkju og skóla. (2004). (frá 7. september 2004) [Reykjavík]: Þjóðkirkjan.

Stjórnarskrá Íslands. 1944 nr. 33 17. júní.

Woodhead, M. (2006) *Changing perspectives on early childhood: theory, research and policy: A background paper for the Education for all global monitoring report 2007.* nr, 2007/ed/efa/mrt/33/rev. UNESCO

Todd, S. (2001). On Not Knowing the Other, or Learning *from* Levinas. *Philosophy of Education yearbook.*

Uppeldisáætlun fyrir dagvistunarheimili: markmið og leiðir. (1985). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið

Fylgiskjal 1

Drög að spurningum vegna rannsóknarinnar Trúarlíf í leikskólum

Aldur
Útskriftarár
Framhaldsnám
Börn

Hvert telur þú að markmið uppeldis í leikskóla að vera?
Hvernig er að þínu mati best að ná því fram?
Geturðu gefið mér dæmi um vinnubrögð sem þú telur að stuðli helst að því?

Ef þú hugsar um orðið siðgæði, Hvað felst í því?
Hvað einkennir að þínu mati gott siðgæði?
Í hverju felst að vera góður?

Hvernig er samfélag þar sem gott siðgæði ríkir –
Hvernig leikskólastarf telur þú að byggi upp gott siðgæði hjá börnum? (Gefið dæmi þar um)
Hvernig telurðu að þinn leikskóli standi sig í siðgæðisuppeldinu?
Geturðu lýst hvernig þið vinnið að siðgæðisuppeldi í leikskólanum?
Gefið dæmi

Hvernig finnst þér að siðgæðisuppeldi eigi að eiga sér stað í leikskólum?
Hvaða siðfræðilegu reglur telurðu að eigi að leggja áherslu á í leikskólanum?
Ef þú ættir að velja eina reglu umfram aðra hverja mundir þú kjósa?
Hversvegna?
Hvernig finnst þér ganga að framfylgja henni núna?
Hvernig fyrirmyndir er starfsfólkið?

Hvernig mundir þú skilgreina siðgæðisuppeldi – hvernig fer það fram?
Geturðu gefið mér dæmi um slíkt uppeldi?

Ef þú hugsar um hugtakið virðingu, hvernig skilgreinir þú það?
Geturðu gefið mér dæmi um hvernig hægt er að vinna með virðingu í leikskólanum?
Telurðu að til dæmis þær hugmyndir sem leikskólinn þinn starfar eftir byggi á siðfræðilegum hugmyndum og gildum? Geturðu nefnt og útskýrt fyrir mér.
Hafið þið rætt um sameiginleg lífsgildi og hugmyndir í leikskólanum?

Telurðu að kristilegt siðgæði sé öðruvísi en annað siðgæði? Á hvaða hátt - geturðu gefið mér dæmi?

Fer fram kristilegt uppeldi í þínum leikskóla?
Hvernig lýsir það sér?
Geturðu gefið mér dæmi?

Eigið þið í samstarfi við kirkjuna á einhvern hátt – hvernig er því samstarfi háttað?

Telurðu mörk vera á milli þess að ala börn upp samkvæmt kristilegu siðgæði og þess sem nefnt er trúaruppeldi? Í hverju lýsir þessi munur sér að þínu mati?

Ef þú værir beðin að skilgreina eða lýsa hugtakinu fræðsla – hvernig myndir þú gera það?

En uppeldi?

Ef þú hugsar um hugtakið fræðsla annarsvegar og uppeldi hinsvegar – í hverju finnst þér munurinn felast?

Hværra hlutverk er að sinna trúarlegu uppeldi?

Á leikskólinn að hafa hlutverk og þá hversvegna?

Í hverju telurðu að hinn trúarlegi menningararfur birtist fyrst og fremst?

Ef við getum verið sammála um að trúarlegur arfur er þjóðararfur – hvernig telurðu best að leikskólinn taki þátt í að varðveita hann?

Hvað finnst þér að eigi að gera þegar koma inn börn af annarri trú eða foreldrar jafnvel trúlausir?

Hvernig er jólahald og vinnu fyrir páska í leikskólanum háttað?

Er farið í kirkju? (hvað er þá gert) Kemur prestur? (hvað gerir hann) Er helgistund?

Á hvaða forsendum er samstarfið við kirkjuna?

Hvað með jólalög og sálma?

Á að setja mörk? Hversvegna eða hversvegna ekki?

Ef prestur kemur – þá koma fleiri spurningar tengdar komu hans.

Manstu eftir atvikum í leik barna þar sem þau eru að endurspegla trúarlegt uppeldi eða þekkingu? Geturðu lýst þeim fyrir mér?

Ef það á að fara fram kristilegt uppeldi í leikskólum hvernig finnst þér að það eigi að fara fram?

Eru einhverjir betur í stakk búnir til að sinna því en aðrir?

Hvernig finnst þér hafa verið tekið á þessum málum í þinni menntun (trú og siðfræði)?

Í hverju var kennslan aðallega fólgin?

Telurðu að það þyrfti að auka eða minnka umfjöllun um trú og siðfræði í náminu?

Hvernig var þínu trúaruppeldi háttað? Telurðu það hafa áhrif á viðhorf þín núna? Skiptir trú máli í lífi þínu í dag? Viltu segja mér á hvaða hátt?